



Á skiltinu stendur „lokað“ á íslensku, ensku, þýsku og frönsku. Þessir ferðamenn létu viðvaranir sem vind um eyru þjóta, enda freistandi að ná mynd af sér með Gullfoss í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Áhættusæknir ferðamenn í lífsháska

Yfirlögregluþjónn á Suðurlandi segir það vera merkilegt að fleiri slys á fólki hafi ekki orðið við Gullfoss. Á myndum sjást ferðamenn hunsu varúðarskilti og lokanir og stefna sér í lífshættu á bjargbrúninni við fossinn. „Parna er fólk í lífsháska,“ segir sveitarstjóri.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Við getum sagt að það sé alveg merkilegt að slysin hafi ekki verið fleiri þarna, og auðvitað á mörgum af þessum ferðamannastöðum. Það þarf alltaf að láta ljós-mynda sig á mörkum lífs og dauða.“ Þetta segir Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, um hegðun sumra ferðamanna við Gullfoss sem Fréttablaðið myndaði á dögnum, og kalla má áhættusækna.

Á myndunum sjást hópar ferðamanna virða viðvaranir og merk-

ingar að vettugi og hætta sér að bjargbrúninni við Gullfoss, þar sem einfalt skrik á blautum grasbala getur hæglega kostað manneskju lífið. „Það er óþægilegt að horfa upp á þetta,“ segir Sveinn Kristján.

„Parna er fólk í lífsháska. Þetta er ekkert grín. Þetta er algjört vanmat á aðstæðum og ofmat á eigin getu,“ segir Ásta Stefánsdóttir, sem nýlega tók við starfi sveitarstjóra Bláskógabyggðar.

Hún segir sannarlega hafa verið reynt að merkja hættulegustu staði

**Parna er fólk í lífsháska. Þetta er ekkert grín. Þetta er algjört vanmat á aðstæðum og ofmat á eigin getu.**

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Bláskógabyggð



og slóða. Staði þar sem slys hafa orðið á fólki í gegnum tíðina.

„En hvað á að ganga langt? Hvað á að setja mikinn kraft í að koma í veg fyrir þetta? Því við viljum ekki eyðileggja upplifun hins venjulega ferðamanns, til dæmis með mannheldum girðingum. [...] Við þurfum á endanum að höfða til skynsemi fólks.“

Sveinn Rúnar tekur undir það að verkefnið sé erfið viðureignar. Hann bendir á að jafnvel með viðvarandi gæslu á hættulegustu ferða-

mannastöðum sé erfið að stöðva þá sem sækja í áhættuna. „Oft á tímum er það einmitt fólk sem lendar í einhverjum skakkaföllum. Það verður erfið að gera Ísland slyslaus.“

Svavar Njarðarson, framkvæmdastjóri Gullfosskaffis, telur að bæta þurfi merkingar og afmörkun göngustíga. „Svo veltir maður því fyrir sér hvort ekki þyrfti að skoða sektarheimildir. Það hefur engar afleiðingar í dag ef fólk fer ekki eftir reglum.“ — *khn, sar / sjá síðu 6*



### Kanadamenn eignast Green Energy Iceland

**VIÐSKIPTI** Kanadíska fjárfestingarfélagið Energy Co-Invest Global hefur gengið frá kaupum á helstu eignum orkufyrirtækisins Green Energy Geothermal, þar á meðal Green Energy Iceland.

Starfsemi Green Energy Geothermal á heimsvísu verður sameinuð í Reykjavík.

— *kij / sjá síðu 12*

### Fréttablaðið í dag



**SKODUN** Formaður Læknafélags Íslands fjallar um launapróun meðal lækna. **16**

**SPORT** Guðlaugur Victor er kominn aftur í landsliðið. **18**

**MENNING** Þrískipt listasýning þriggja kynslóða. **26**

**LÍFIÐ** Kristín Þóra Haraldsdóttir lagði mikið á sig fyrir hlutverkio í myndinni Lof mér að falla. **26**

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

99% afsláttur fyrir börnin

Bókaðu 6. eða 7. sept. fyrir börnin og þau fá 99% afslátt. Notaðu kóðann KRONA og njóttu ferðagledinnar.

Air Iceland Connect

### NUTRILENK öflugur liðstyrkur



## Veður



Hæg norðlæg eða breytileg átt og lítilsháttar væta norðan og austan til, en annars bjartviðri. Svált fyrir norðan, en milt syðra. **SJÁ SÍÐU 22**



Pétur Pétursson leigutaki með laxinn umdeilda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRYGGUR ARI

## Laxinn reyndist vera eldislax

**UMHVERFISMÁL** Lax sem veiddist í Vatnsdalsá 31. ágúst síðastliðinn reyndist vera eldislax. Þetta var staðfest á vef Hafrannsóknastofnunar í gær.

Leigutaki í Vatnsdalsá í Austur-Húnavatnssýslu til 23 ára, Pétur Pétursson, sagði í samtali við Fréttablaðið á laugardag að hann væri handviss um að laxinn væri eldislax.

„Ef þetta reyndist rétt þá segir það okkur að mennirnir sem verja þetta eru bara að bulla.“

Fiskurinn var sendur til rannsóknar og hefur nú verið greindur á rannsóknarstofu Matis.

„Fiskurinn bar ytri einkenni sem bentu til eldisuppruna, s.s. skemmdir á uggu. Við krufningu kom í ljós að um hrygnu var að ræða, með mjög óþroskaða hrognasekki. Hún var með tóman maga og ugga-skemmdir sem bentu til að hún hafi strokið seint úr eldi (síðbúið strok).“

Hafri segir óvenjulegt að ókynþroska fiskur gangi í ár. Þess þekktist varla dæmi.

Ekkert fiskeldi er nálægt Vatnsdalsá og því ljóst að eldislaxinn hefur þurft að ferðast töluvert langa leið. Nokkuð sem andstaðingur laxeldis hafa bent á að sé lítið mál fyrir laxinn, þvert á það sem fylgjendur fiskeldis hafa fullt.

Pétur sagði við Fréttablaðið.is á laugardag að hann óttaðist hvaða þýðing þá hefði fyrir villilaxinn og ána að þar hafi fundist eldislax.

„Þetta er einfaldlega bara skemmdarverk í náttúrunni ef svona fiskar fara af stað og nema land.“ – smj / dfb

## Sendibílsbruni á Miklubraut



Það var skammt stórra högga á milli hjá viðbragðsaðilum í gær. Skömmu eftir að sjö bíla árekstur hafði orðið á Bústaðavegi kom upp eldur í sendibifreið DHL skammt frá á Miklubraut við Klambatún. Greiðlega gekk að slökkva eldinn og engan sakaði en bifreiðin virtist gjörnýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fór á puttanum til Akureyrar

**LÖGREGLUMÁL** Andrius Zelenkovas, Litháinn sem lýst var eftir í fjölmiðlum í gær, er enn ekki fundinn. Síðast heyrðist frá Andriusi 27. ágúst en þá ætlaði hann á puttanum til Akureyrar. Lögreglan reynir nú að sannreyna með farsímagögnum hvort hann hafi komist alla leið. Rannsóknin er unnin í samstarfi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.



Andrius Zelenkovas.

Andrius er 27 ára, 175 cm á hæð, grannvaxinn og með skolleitt hár.

Þeir sem geta veitt upplýsingar um ferðir hans eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 444 1000, á netfangið gudmundur@lrh.is eða Facebook-síðu lögreglunnar. – aa

# Umsvif við Skógafoss trufla ekki Landvernd

Kvikmyndagerðarfólk hefur nú tvo daga til að athafna sig við Skógafoss vegna erlendra sjónvarpsþátta. Umhverfisstofnun leyfir akstur utanvega við Dyrhólaey. Framkvæmdastjóri Landverndar segir samtökin treysta mati stofnunarinnar.

**UMHVERFISMÁL** „Rask vegna kvikmyndatökunnar þarf ekki að vera meira en rask vegna ferðamanna sem ganga þarna um,“ segir Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, um umsvif kvikmyndagerðarmanna við Skógafoss og vestan Dyrhólaeyjar.

Umhverfisstofnun hefur veitt kvikmyndagerðarfrýr tækni um Pegasusi leyfi til að setja upp vinnuþalla í Skógafossi og aka 500 metra utanvega og bora holur í fjöru vestan Dyrhólaeyjar. Að auki var veitt heimild til að mynda með dróna í friðlandinu við Gullfoss. Um er að ræða tókur fyrir Netflix á annarri syrru sjónvarpsþáttanna Lost in Space. Leyfið tók gildi á þriðjudag og rennur út á morgun.

Við Skógafoss er leyft að aka sexhjóli með kerru alveg upp að fossinum enda eru tókurnar inni í vatnsúdanum frá fossinum. Koma átti 20 fermetra palli fyrir í ánni í gærkvöldi og moka til efni í henni til að til að festa flekann. Stíllans verður á bakkannum við fossinn.

„Ljóst er að verkefnið mun rýra upplifun þeirra gesta sem koma á svæðið þessa tvo daga sem tókurnar fara fram en flestir erlendir gestir koma að Skógafossi einungis einu sinni yfir ævina,“ segir í leyfisbréfi Umhverfisstofnunar varðandi Skógafoss.

„Við vitum að Umhverfisstofnun hefur vandað vel til verka hingað til þegar þau hafa gefið út þessi leyfi. Þannig að við treystum því sem þau gera í þessum málum. Þetta verður undir eftirliti landvarða Umhverfisstofnunar,“ segir Auður hjá Landvernd.



Kvikmyndagerðarfólk er upplagt að taka tilliti til erlendra ferðamanna sem flestir komi bara einu sinni á ævinni að skoða Skógafoss. FRÉTTABLAÐIÐ/EYDÖR

## Ef utanvegaakstur sést á mynd er það fordæmisgefandi fyrir aðra.

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar



„Hafandi ekki skoðað þetta meira, þá hef ég ekki neitt sérstakt um það að segja,“ segir Auður aðspurð hvort Landvernd leggi þá ekki sjálfstætt mat á málið. „Kvikmyndataka getur valdið raski eins og öll önnur starfsemi en Umhverfisstofnun hefur

hingað til verið fremur ströng á þessum leyfum og fylgst mjög vel með. Þetta kannski snertir ferðabjónustuna verr.“

Í júní í fyrra tilkynnti Umhverfisstofnun að „náttúruvæðitið Skógafoss“ færi af svokölluðum appelsínugulum lista á rauðan lista. „Svæðið lætur mikið á sjá vegna gríðarlegrar aukningar á ferðamönnum sem heimsækja svæðið allt árið um kring. Lítil landvarsla er á svæðinu og stýringu ferðamanna um svæðið er ábótavant.“

Auður leggur áherslu á að utanvegaakstur sem leyfður sé verði ekki sýnilegur. „Ef utanvegaakstur sést á mynd er það fordæmisgefandi fyrir aðra – og það er eitthvað sem við þurfum að passa upp á.“ [gar@frettabladid.is](http://gar@frettabladid.is)

# Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

ALLT AÐ  
**50%**  
AFSLÁTTUR



Skoðaðu tilboðin  
á [husa.is](http://husa.is)

Við **BERJUM** niður

# verððið

4 stk.  
Erikur, stórar

**999** kr



35%  
afsláttur

**12.995** kr

19.995 kr

Toppyklasett 110 stk.  
1/2"-1/4", toppar 4-32 mm.  
5052570

25% afsláttur af ÖLLUM  
Black+Decker rafmagnsverkfærum

30%  
afsláttur

BLACK+  
DECKER

**15.995** kr

22.945 kr

Borvél 18V  
2 stk., Li-ion 1.5Ah rafhlöður, hersla 40Nm.  
5245567



40%  
afsláttur

**19.797** kr

32.995 kr

Hleðsluborvél 10,8V  
Sett 4 rafhlöður ljós og útlarp í pakka.  
5246791

25% afsláttur  
af ÖLLUM blöndunartækjum

35%  
afsláttur

GROHE

**9.420** kr

14.495 kr

Handlaugartæki  
Grohe Start.  
7910800



20%  
AFSLÁTTUR

Öll LADY inni-  
málning og lökk

25% afsláttur  
af ÖLLUM hreinlætistækjum

35%  
afsláttur

LAUFEN

**30.220** kr

46.495 kr

Veggskál  
Rimless veggskál + set, kit fylgir með.  
7920019



## Ein stærsta útsala Húsasmíðjunnar er hafin

HREINLÆTISTÆKI 25-35% • BLÖNDUNARTÆKI 25-35% • FLÍSAR 25-40% • HARÐPARKET KANOL 25-40% • FRYSTIKISTUR 20% • KÆLISKÁPAR 20% FRYSTISKÁPAR 20%  
RYKSUGUR 20-30% • ELDAVÉLAR 20-30% • HELLUBORÐ ELECTROLUX 20% • BÖKUNAROFNAR ELECTROLUX 20% • SMÁRAFTÆKI Í ELDHÓSI 25% • OLÚFYLLTIR RAFMAGNSOFNAR 20-35%  
HÁRSNYRTITÆKI REMINGTON 25% • HNIÐAPÖR 30% • MATARSTELL 30% • GLÖS OG KÖNNUR 30% • RIVERDALE 30% • GJAFAVARA 25% • POTTAR OG PÖNNUR 30%  
PLASTBOX, GEYMSLUBOX OG KÖRFUR 25% • ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20% • RAFMAGNSVERKFÆRI HITACHI 20-30% • RAFMAGNSVERKFÆRI DEWALT 20%  
RAFMAGNSVERKFÆRI BLACK+DECKER 25-35% • HANDVERKFÆRI STANLEY 25% • HANDVERKFÆRI NED 25% • HILLUREKKAR 20% • GARDVERKFÆRI HAND, RAFMAGNS OG BENJIN 30%  
GARDHÚSGÖGN 40% • POTTAPLÖNTUR 25% • SLÖNGUHJÓL OG ÚÐARAR CLABER OG VERTO 40-50% • VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • LJÓS 25%\* • ÞVOTTAHRINGSNÚRUR BLOME 50%  
ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 20-25% • LADY INNIMÁLNING OG LÖKK 20% • ÚTIMÁLNING 30% • VIÐARVÖRN 30% • PENSLAR OG RÚLLUR 25%

...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Allt pallaefni á TAX FREE



ÚTSALAN ER LÍKA  
Í VEFVERSLUN [HUSA.IS](http://HUSA.IS)



## Bróðir dæmdur fyrir bollaárás

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt karlmann í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás á bróður sinn árið 2015. Málið er sérstakt en forsaga þess er að bræðurnir voru ásamt þriðja bróður sínum og móður að byggja sumarbústað. Þann 16. ágúst 2015 sinnaðist tveimur þeirra vegna mistaka annars þeirra við smiðina.

Bróðir A, sem ráðist var á, gerði athugasemdir við verklag bróður B, sem ákærður var, með þeim afleiðingum að sá siðarnefndi rauk út í vinnuskúr með þeim orðum að hann nennti ekki að standa í „millimetrakjafæði“. Bróðir A elti hann þangað þar sem deilur þeirra héldu áfram. Bróðir B ytti þar við bróður A og rauk á dyr. Bróðir A fór á eftir honum en við það sló bróðir B hann í vinstra eyrað með kaffibolla svo sár hlaut af. Kærði A árás bróður síns sem héraðsdómur fann hann svo sekan um 16. ágúst síðastliðinn. Engum sögum fer af því hvort þeir hafi lokið við sumarbústaðinn. –smj

## María forstjóri Sjúkratrygginga

**HEILBRIGÐISMÁL** María Heimisdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítala og doktor í lýðheilsuvísindum, hefur verið ráðin forstjóri Sjúkratrygginga Íslands. Núverandi forstjóri, Steingrímur Ari Arason, lætur af störfum 31. október.



María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.

Hæfnisnefnd mat 3 af 11 umsækjendum hæfasta. Af þeim taldi stjórn Sjúkratrygginga tvo hæfasta og var sú niðurstaða lögð fyrir Svandís Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra til ákvörðunar.

Fráfarandi forstjóri lætur af störfum 31. október næstkomandi. –khn

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.



Borgarfulltrúum fjölgaði úr 15 í 23 fyrir þetta kjörtímabil. Hver og einn þeirra fær nú 726.748 krónur í grunnlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Grunnlaun borgarfulltrúa hafa hækkað um 133 þúsund krónur

Síðan borgarfulltrúar afþökkuðu 44 prósent launahækkun kjararáðs hafa grunnlaun þeirra hækkað um 22,4 prósent frá því sem þau voru fyrir. Ákveðið var að tengja launin við launavísitölu í apríl síðastliðnum. Grunnlaunin eru nú 726 þúsund en við bætast ýmsar aukagreiðslur sem geta numið hundruð þúsunda.

**KJARAMÁL** Grunnlaun borgarfulltrúa hafa hækkað um 22,4 prósent síðan borgarstjórn ákvað í apríl í fyrra að binda laun kjörinna fulltrúa við þróun launavísitölu. Á fundi forsætisnefndar í síðustu viku var tilkynnt að grunnlaun borgarfulltrúa væru nú 726.748 krónur og starfskostnaður ofan á það 52.486 krónur. Í apríl í fyrra voru grunnlaun borgarfulltrúa ákvörðuð 653.022 krónur og starfskostnaður 47.161.

Umdeild hækking kjararáðs upp á ríflega 44 prósent til handa kjörnum fulltrúum í lok október 2016 skapaði miklar illdeilur í samfélaginu og var ákveðið í borgarstjórn að frysta launin. Í apríl í fyrra varð niðurstaðan að borgarfulltrúar myndu afþakka hækkingu kjararáðs og binda laun sín í framtíðinni við þróun launavísitölu sem uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Þegar kjararáð kvað upp hinn

# 22,4%


Hækkun grunnlauna borgarfulltrúa síðan hækkingu kjararáðs var afþökkuð.

umdeilda úrskurð sinn sem hefði hækkað laun borgarfulltrúa verulega vegna tengingar launa þeirra við þingfara kaup, námu grunnlaun borgarfulltrúa 593.720 krónum á mánuði.

Hefðu borgarfulltrúar þegið hækkingu kjararáðs hefðu grunnlaun farið upp í 856.949 krónur, í stað 653.022 króna. Á móti kemur að borgarfulltrúum fjölgaði úr 15 í 23 í vor.

Grunnlaun borgarfulltrúa segja þó aðeins hluta kjarasögunnar því

### Launþróun borgarfulltrúa



Alls hækkingu á tímabilinu  
**22,40%**

Hækkingu í krónum á mánuði  
**133.028 kr.**

ofan á þau leggst starfskostnaður, og hinar ýmsu álagsgreiðslur sem numið geta hundruðum þúsunda á mánuði í einhverjum tilfellum. Svo dæmi sé tekið fá borgarfulltrúar sem gegna formennsku í fagræði eða borgarstjórnarflokki greitt álag sem nemur 25 prósentum af grunnlaunum, eða 181.000 krónur.

Borgarfulltrúar sem sitja í þremur eða fleiri fastanefndum fá sömuleiðis 25 prósent álag. Borgarfulltrúar sem sitja í borgarráði fá greitt álag sem nemur 25 prósentum af grunnlaunum, formaður borgarráðs fær 40 prósent álag. Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalísta-flokkans, lýsti því yfir í sumar að hún myndi ekki þiggja álagsgreiðslurnar þótt hún gæti ekki afsalað sér þeim. Ekki liggur fyrir hvort fleiri borgarfulltrúar fylgi því fordæmi.

mikael@frettabladid.is

## Enn fundað um knattús í Hafnarfirði

**HAFNARFJÖRÐUR** Hart var deilt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í gær um lögmæti kaupa bæjarins á íþróttamannvirkjum í Kaplakrika. Fulltrúar minnihlutans telja ákvörðunartökuna og greiðslu fyrstu 100 milljónanna til FH ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög enda gjörmingarnir í bága við óbreytta fjárhagsáætlun bæjarins. Í svörum embættismanna bæjarins hafði verið vísað til undanþága í sveitarstjórnarlögum. Til að beita megi slíkum undanþágum þarf bæjarstjórn hins vegar að hafa sett sérstakar verklagsreglur. Þær hafa ekki verið settar í bænnum.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, svaraði fyrirspurnum minnihlutans um lögmæti gerninganna hins vegar allt öðruvísi en embættismennirnir höfðu gert og sagði að það hefði verið skýr pólitísk ákvörðun að beygja af þeirri leið sem fjárhagsáætlun



Rósa Guðbjartsdóttir og Ágúst Bjarni Garðarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hafði gert ráð fyrir. Meirihlutinn telji að samningurinn við FH veiti bænnum heimild til þess. Við þennan rökstuðning sagðist Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, vera kjaftstopp og taldi bæjarstjórnann hafa gengist við því að farið hafi verið á svig við sveitarstjórnarlög.

Fulltrúar minnihlutans gerðu einnig að umræðuefni fyrirhuguðu aðfrif þeirra skulda sem hvíla á húsnum sem stendur til að kaupa af FH og hvernig leigugreiðslum bæjarins til félagsins hefur verið varið frá árinu 2007. Stóðu þessar umræður enn þegar Fréttablaðið fór í prentun. –aa

## Slakaðu á með Slökun

### Einkenni magnesíumskorts

- Lítil orka
- Þröttleysi
- Veik bein
- Hormóna djáfnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Köllun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Þirringur



[www.mammaveitbest.is](http://www.mammaveitbest.is)

**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**  
COPENHAGEN

**POLO**  
RALPH LAUREN

*Stenströms*

**ARMANI**  
COLLEZIONI

eterna

gardeur®

**HUGO**  
HUGO BOSS

**G-STAR RAW**

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI  
collezione


**MANZ**  
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

**BARKER**  
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

**LLOYD**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá 13 til 17  
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54  
bláu húsin (við faxafen)



**Herra**  
*lagervinn*  
outlet  
*líka fyrir konur*

Troðfull ver slun  
af merkjavöru!

**40-60%**

afsláttur af öllum vörum



Um 19 þúsund börn voru á leikskólum landsins í desember síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Konur ríkjandi í leikskólunum

**SKÓLAMÁL** Tæpur helmingur barna fæddra árið 2016 var í leikskóla í desember síðastliðnum. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofnunni en alls voru um 19.000 börn í leikskólum landsins.

Afar misjafnt var eftir landshlutum hversu hátt hlutfall barna fæddra 2016 var í leikskólum. Þannig var hlutfallið tæp 70 prósent á Austurlandi og Vestfirðum en einungis ellefu prósent á Suðurnesjum. Fjöldi starfsfólks í leikskólum landsins var rúmlega 6.000 og voru konur tæp 94 prósent þeirra. Tæp 27 prósent starfsfólks voru með leikskólamenntun og hefur það hlutfall farið lækkannd undanfarin ár.

Aftur á móti fer starfsfólki með aðra uppeldismenntun fjölgandi og var hlutfall þess rúm 18 prósent. –sar

## Björgólfur til Íslandsstofu

**VÍÐSKIPTI** Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair, hefur verið skipaður formaður stjórnar Íslandsstofu en Jón Ásbergsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Íslandsstofu frá stofnun hennar árið 2010, mun að eigin ósk láta af störfum sem framkvæmdastjóri.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íslandsstofu. Þar er haft eftir Björgólfi að breytt rekstrarform stofnunarinnar gefi tækifæri til að halda áfram að sækja fram af krafti fyrir íslenskt atvinnulíf en rekstrarforminu var breytt samkvæmt lögum um Íslandsstofu sem samþykkt voru á Alþingi í vor.

Björgólfur sagði starfi sínu lausu sem forstjóri Icelandair Group undir lok ágústmánaðar. –þfh

# Hvímleitt að ferðamenn virði ekki merkingar við Gullfoss

Yfirlandvörður við Gullfoss segir það hvímleitt vandamál að ferðamenn virði ekki merkingar og öryggislinur sem afmarka göngustiga á svæðinu. Reynt sé að sýna sanngirni en huga þurfi að öryggi ferðamanna og gróðurvernd. Framkvæmdastjóri Gullfosskaffis vill skoða sektarheimildir.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er hvímleitt vandamál og er það auðvitað víða um land. Ástandið hérna er samt alveg innan marka miðað við þann mikla fjölda sem hingað kemur,“ segir Valdimar Kristjánsson, yfirlandvörður á Gullfossi og Geysi, um það að ferðamenn fari ekki eftir öryggisreglum.

Valdimar segir að oft sé um hjarðhegðun að ræða. Fari einn yfir böndin sem afmarka göngustiginn fylgi oft fleiri í kjölfari.

Gullfoss er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins en að sögn Valdimars koma þangað að jafnaði um 2.800 manns á degi hverjum. Í sumar hafi þessi fjöldi stundum verið milli fjögur og fimm þúsund manns.

„Fólki er stýrt mjög vel hérna. Við erum með upplýsingaskilti og bönd sem girða af göngustiga. Samt höfum við ekki mannskap til að elta uppi hvern og einn ferðamann sem fer ekki eftir fyrirmælum.“

Valdimar segir að tveir til þrjár landverðir séu á vakt að jafnaði og sinna þeir bæði Gullfossi og Geysi. „Hingað er að koma fólk allan sólarhringinn en við erum bara með vakt á daginn.“

Aðspurður hvort hægt sé að koma frekar til móts við þá ferðamenn sem vilji komast sem næst fossinum segir Valdimar að huga þurfi að öryggi ferðamanna og gróðurvernd. „Við erum búin að teygja þetta ansi vel og reynum að vera eins sanngjörn og við getum. Það eru samt takmörk á því þar



Böndin sem girða af göngustigana eru ekki mikil hindrun fyrir þá sem vilja komast sem næst Gullfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞOR



Þessir ferðamenn lögðu sig í hættu enda brúnnar ótraustar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞOR

sem það er hætta á grjóthruni.“

Umhverfisstofnun fer með mál efni friðlýstra svæða en Gullfoss var friðlýstur árið 1979. Í nóvember 2016 var samþykkt stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið sem gildir til 2025.

Þar kemur fram að auka skuli meðvitund ferðamanna um þær

hættur sem séu til staðar með aukinni fræðslu. Þá er lögð áhersla á að ferðamenn virði merkingar og öryggislinur og fylgi göngustigum.

„Aðgerðirnar sem þarna eru tilteknar eru á áætlun. Við erum í stöðugri vinnu við að bæta aðstöðuna hér vegna vaxandi fjölda ferðamanna.“

**Við erum í stöðugri vinnu við að bæta aðstöðuna hér vegna vaxandi fjölda ferðamanna.**

Valdimar Kristjánsson, yfirlandvörður á Gullfossi og Geysi

Svarar Njarðarson, framkvæmdastjóri Gullfosskaffis, telur að bæta þurfi merkingar og afmörkun göngustiga. „Svo veltir maður því fyrir sér hvort það þyrfti ekki að skoða sektarheimildir. Það hefur engar afleiðingar í dag ef fólk fer ekki eftir reglum.“

Hann segir að Umhverfisstofnun sé alltaf að bæta aðstöðuna. „Það er allavega ekki stöðun eða afturför hérna. Í framtíðinni mætti svo kannski efla gæslu á svæðinu.“  
sighvatur@frettabladid.is

## Upplýsingagjöf hins opinbera í vítahring vantrausts

**STJÓRNSÝSLA** Tregða stjórnvalda til að veita fjölmiðlum og almenningi upplýsingar er meðal ástæðna vantrausts á íslenskum stjórnmálum að mati starfhóps um eflingu trausts á stjórnmalum og stjórnsýslu, sem kynnti niðurstöður sínar í gær. Í skýrslunni er því lýst hvernig víta-hringur vantrausts myndist vegna tottrýgni borgaranna sem þessi tregða stjórnvalda veldur.

Tregðan á meðal annars rætur að rekja til starfsvenja sem ganga út á að sýnja um aðgang fremur en að veita upplýsingar. Beiðnum sé gjarnan sýnað með almennri vísun til takmörkunarheimilda og „látið á það reyna“ hvort beiðandi vísar málinu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þá komi fyrir að stjórnvald spyrji beiðendur beint út til hvers þeir ætli að nota umbeðnar upplýsingar áður en afstaða er tekin til beiðinnar.

Að mati starfhópsins kann þetta háttarlag stjórnvalda að skýrast af því viðhorfi að öðrugara sé að láta úrskurðarnefndina eða dómstóla taka endanlega ákvörðun um afhendingu upplýsinganna. Einnig er lagt til að hámarksstími verði settur á afgreiðslu upplýsingabeiona. Langur afgreiðslutími úrskurðar-



Sigurður Kristinnsson, Ólafur Embla Eyjólfssdóttir og Ragna Árnadóttir sátu í starfshópnum ásamt Jóni Ólafssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

stórf þeirra birtist opinberlega og kunnir þau viðhorf að fyrirfinnst í stjórnsýslunni að almenningur hafi ekkert við umbeðnar upplýsingar að gera.

Þá hafi ekki verið farið í heildarstefnumótun um upplýsingagjöf hins opinbera til almennings eins og upplýsingalög áskilja. Einnig er lagt til að hámarksstími verði settur á afgreiðslu upplýsingabeiona.

Langur afgreiðslutími úrskurðar-

nefndar um upplýsingamál er einnig gagnrýndur en hann hefur verið um og yfir heilt ár að meðaltali á undanföllum árum. Leggur starfshópurinn til að nefndin verði eflað til samræmis við aðrar nefndir í stjórnsýslunni með svipaðan málafjölda.

Þá er varað við þeirri tilhneigingu í löggjöf að tilteknir aðilar verði undanþegnir gildissviði upplýsingalaga og mælst til þess að Alþingi og dómstólar verði felld undir löginn. –aa

# Æskulýðs-sjóður

Umsóknarfrestur 15. október 2018

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði til verkefna sem tengjast tilgangi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Æskulýðssjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki tvisvar sinnum á ári, 15. febrúar og 15. október.

Umsóknareyðublið og leiðbeiningar er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is). Umsóknun skal skila á rafrænu formi fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 15. október 2018.

Nánari upplýsingar veitir Anna R. Möller [anna.r.moller@rannis.is](mailto:anna.r.moller@rannis.is) sími 515 5849.



rannis  
[www.rannis.is](http://www.rannis.is)

# HEILSUDAGAR

## Pasta og núðlur:

- Pasta rautt
- Pasta hvítlauks
- Pastaskrúfur í villisveppasósu
- Pasta með sólburrkuðum tómötum
- Pasta með basilpestó
- Núðlur í súrsætri sósu

## Salat:

- Spínat
- Garðsalat
- Kínakálsblanda
- Klettasalat
- Romain salat

## Grænmeti:

- Paprikublanda
- Gulrætur
- Rauðlaurur
- Rauðrófusalat
- Spergilkál
- Sæt kartöflumús
- Blómkálssalat
- Mangó hrásalat
- Asiublanda
- Rótargrænmeti
- Maíssalat
- Ferskt salsa

## Prótein:

- Rifinn kjúklingur
- Steikt beikon
- Surimi salat
- Kjúklingabollur í Indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Fetaostur



*Salatbar  
alltaf ferskur*

**1.799 kr/kg**

Tilboð gilda út 16. september

**25%**  
afsláttur



### One bar

20 g í prótein í hverju stykki

**269 kr/stk**

Verð áður 359



### Amino Energy

Gríðarlegt úrval af bragðtegundum

**2.299 kr/stk**

Verð áður 2.899



### 100% Whey dunkar

Hágæða próteinduft. 28 skammtar

**3.999 kr/stk**

Verð áður 5.999



### KASSATILBOD

### Nocco BCAA drykkir

Þú velur 24 Nocco drykki að eigin val

**5.449 kr/ks**

Verð áður 7.176



**20%**  
afsláttur

### Buff Bake Prótein kökur

Frábærar eftir æfingu

**359 kr/stk**

Verð áður 449



**10%**  
afsláttur

### The Ripper!

Eykur fitubrenslu og vatnslosun, gefur orku

**3.598 kr/stk**

Verð áður 3.998

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*

## Róhingjar kröfðust frelsis blaðamanna

**BANGLADESS** Um 50 Róhingjar frá Mjanmar söfnuðust saman í flóttamannabúðunum Cox's Bazar í Bangladess í gær og mótmæltu sakfellingu og fangelsun tveggja blaðamanna Reuters. Frá þessu greindi Reuters í gær.

Blaðamennirnir, Wa Lone og Kyaw Soe Oo, voru dæmdir til sjö ára fangelsisvistar í síðustu viku fyrir brot á lögum um ríkisleyndarmál. Þeir höfðu verið að rannsaka morð á tíu Róhingjum í Inn Din þegar þeir voru handteknir eftir að tveir lögreglumenn sögðust ætla að afhenda þeim skjöl um málið á veitingastað. Lone og Oo halda því fram að þeir hafi verið leiddir í gildru.

» Tveir blaðamenn Reuters voru handteknir og dæmdir vegna umfjöllunar um stríðsglæpi mjanmarska hersins.

Abdu Shakur, faðir eins fórnarlamba glæpsins, var á meðal þeirra sem mótmæltu í búðunum í gær. „Ég er í miklu uppnámi þar sem sonur minn og önnur fórnarlömb voru saklaus og blaðamennirnir líka. Ég vona að með þrýstingi okkar sjái ríkisstjórnin sig knúna til að leysa þá úr haldi,“ sagði Shakur. – þea

## Þeir tilheyra GRU segir May

**BRETLAND** Breska lögreglan og ríkissaksóknaraembættið sögðu í gær frá því að næg sönnunargögn væru fyrir hendi til að ákæra Rússana Alexander Petrov og Rúslan Bosjirov fyrir að hafa staðið að efnavopnarárás á Skripal-feðginum í Salisbury fyrir árinu.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sagði á þingi að ríkisstjórn hennar hefði komist að þeirri niðurstöðu að mennirnir væru útsendarar leyfðunni rússneska hersins (GRU). – þea

# Enn ein bókin angrar Trump

Bók Watergate-blaðamanns er ekki komin út en hefur nú þegar reitt Bandaríkjaforseta til reiði. Í bókinni er varnarmálaráðherra sagður hafa kallað forsetann álíka greindan og barn og forsetinn sjálfur sagður hafa kallað dómsmálaráðherrann þroskaheftan.

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, deildi hart á blaðamanninn Bob Woodward á Twitter í gær og fyrrinótt vegna nýbirtra tilvitnana úr bók Woodwards sem kemur út á þriðjudag, Fear: Trump in the White House. Bókin fjallar, eins og nafnið gefur til kynna, um forsetann og undirmenn hans. Höfundurinn er þekktastur fyrir að hafa í samstarfi við Carl Bernstein ljóstrað upp um Watergate-málið sem leiddi til afsagnar Richards Nixon árið 1974.

Áður hefur Trump lent í vandræðum eftir að bækur um forsetatíð hans komu út. Helst ber að nefna bók Michaels Wolff, Fire and Fury, sem leiddi til þess að Steve Bannon, ráðgjafi forsetans, var sparkað.

„Er ekki miður að einhver geti skrifað grein eða bók, skáldað upp sögur og mótað mynd af manneski sem er algjörlega úr takt við raunveruleikann, og komist upp með það án nokkurra neikvæðra afleiðinga? Ég veit ekki af hverju stjórnmálamenn í Washington breyta ekki meiyrdalöggjöfni,“ tísti Trump um bókina í gær.

Áður hafði Trump tíst því að bókin væri yfirfull af lygum og fölskum vitnisburði. „Ég er sagður hafa kallað Jeff Sessions [dómsmálaráðherra] „þroskaheftan“ og „heimskan Suðurríkjamann“. Ég sagði HVORUGT, hef aldrei notað þessi orð um neinn, hvað þá Jeff,



Trump forseti segir bókina skáldskap og lygar. Höfundurinn ljóstraði upp um Watergate-hneykslið. NORDICPHOTOS/AFP

### Tilvitnanir úr bókinni

- „Drepum hann. Förum þangað og drepum þá alla.“ Donald Trump forseti við James Mattis varnarmálaráðherra um Bashar al-Assad Sýrlandsforseta.
- „Hann lætur eins og hann hafi sama skilning á málefnum og barn í fimmta eða sjötta bekk.“ Mattis um Trump við félagina sína.
- „Hann er fáviti. Það er tilgangslaust að reyna að sannfæra hann um eitthvað. Hann er genginn af göflunum. Við erum á vitleysingahæli. Ég veit ekki af hverju við erum hérna. Þetta er versta starf sem ég hef verið í.“ John Kelly, starfsmannastjóri Hvíta hússins, um Trump.
- „Þessi náungi er þroskaheftur. Hann er heimskur Suðurríkjamáður. Hvernig var ég sannfærður um að gera hann að dómsmálaráðherra?“ Trump um Jeff Sessions dóms-

málaráðherra fyrir að stíga til hliðar frá Rússarannsókninni.

- „Þú ert ekki gott vitni, herra forseti. Ég er hræddur um að ég geti einfaldlega ekki hjálpað þér.“

John Dowd, þá lögmaður forsetans, við Trump um ósk hans um að bera vitni í Rússarannsókninni.

- „Þetta er jákvætt, en samt frekar leiðinlegt því ég var Ernest Hemingway 140 stafbílana.“

Trump eftir að Twitter fjölgaði leyflegum stafabílum tista úr 140 í 280.

- „Litli Eldflaugamaðurinn. Ég held að þetta sé mitt allra besta, besta gælunafn allra tíma.“

Trump um gælunafn sitt á Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu.

og það að vera Suðurríkjamáður er FRABÆRT.“

Þá tók forsetinn fram að nú þegar hefðu James Mattis varnarmálaráðherra og John Kelly starfsmannastjóri sagt frásagnir um sig í bókinni rangar. „Tilvitnanir í þá skálduðu svikarar, þetta eru svik við almennig. Það er sömu sögu að segja af öðrum frásögnum og ummælum. Woodward er útsendarí Demókrata? Takið eftir tímasetningunni?“ tísti Trump enn fremur.

Mattis sagði sjálfur í fyrrinótt að hann hafi aldrei sagt forsetann álíka greindan og barn í fimmta eða sjötta bekk, eins og haldið er fram í bókinni. „Þótt ég njóti þess almennt að lesa skáldskap er þetta sérstakt Washington-afbrigði skáldskapar. Nafnlausir heimildarmenn hans auka ekki á trúverðuleikann,“ sagði í yfirlýsingu ráðherrans. Trump þakkaði fyrir yfirlýsingu og bætti því við að bókin væri leiðinleg.

Kelly sagði í yfirlýsingu sinni að hann hefði aldrei kallað Trump fábána. Samband hans við forsetann væri „ótrúlega hreinskilið og sterkt“. thorgnyr@frettabladid.is

## FORD ECOSPORT HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

FORD ECOSPORT VERÐ FRÁ: 2.750.000 KR.

FORD ECOSPORT TITANIUM S SJÁLFSKIPTUR:

**3.490.000** KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport



ford.is



Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Söluleiðir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



Læra að auglýsa á Facebook?

Læra listina að selja?

Auka hugarró og kynnst jógaheimspeki?

Þarftu að uppfæra tækniþekkinguna? Lesa ljóð?

Bæta samskipti og færni í tjáningu við vini og vinnufélaga?

Skrifa markvissari og betri texta?



Dýpka skilning þinn á bókmenntaarfinum?

Styrkja þig í þínu fagi?

Kryfja málefni sögunnar og samtímans í góðum félagsskap?

Bæta lífsgæði þín og lífsstíl?

Njóta betur leiklistar og tónlistar?

Tileinka þér ný tungumál?

Gera huggulegt í kringum þig heima?

# HVAÐ VILTU LÆRA?

Kynntu þér öll námskeiðin á  
[endurmenntun.is](http://endurmenntun.is)

**ENDURMENNTUN<sup>HI</sup>**

– Í fararbroddi á sviði símenntunar í 35 ár



Fossaröð Dynjanda í Arnarfirði er alls ríflega 100 metra há.

# Dynjandi og Drynjandi

Tómas Guðbjartsson læknir og náttúruunnandi og Sigtryggur Ari Jóhannsson ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskrum náttúru.

**A**f aragrúa fossa á Vestfjörðum eru frændurnir Dynjandi og Drynjandi tilkomumestir. Nöfnin skirskota til dynsins og drunanna þegar tært vatnið beljar niður snarbrött bergglög sem minna á stafla af pönnukökum. Bæðir líkjast fossarnir hvítri risaábreiðu en 70 metra há Drynjandi er á hæð við Hallgrímskirkju og fossaröðin við Dynjanda enn hærri, eða 100 metrar, og er stærsti fossinn 30 metra hár við brúnina og breiðkar í 60 metra neðst.

Dynjandi er mesti foss Vestfjarða og umhverfi hans mjög gróid, enda var þarna bújörð svo öldum skipti sem lagðist í eyði 1952. Drynjandi er afskekktari og liggur hærra í ósnortnu og lítt grónu umhverfi. Neðan hans eru stórkostleg gljúfur sem magna upp drunurnar eins og hátalarar.

Dynjandi liggur við botn Arnarfjarðar og er auðvelt að komast að honum af Vestfjarðarvegi milli Vatnsfjarðar og Hrafnseyrar. Örstuttur gangur er þaðan að fossinum. Leiðin að Drynjanda liggur frá Hólmavík, í gegnum Ingólfsfjörð og þaðan áfram á jeppavegi í Ófeigsfjörð. Þar er ekið yfir vað á Húsá sem fært er flestum jeppum nema í miklum vatnavöxtum. Aðeins norðar er Hvalá en það er einmitt þarna sem vegurinn endar. Hún er mesta vatnsfall Vestfjarða og í henni eru stórkostlegir fossar, Hvalárfossar. Haldið er yfir göngubrú á Hvalá og eftir árbakkanum norðanmegin uns komið er að ármótum Rjúkanda og Hvalár og upp að árgljúfri í vesturátt sem smám saman dýpkar. Áður en gljúfrið tekur snarpa beygju til norðurs er gengið upp á barm þess en þar blasir Drynjandi við í öllu sínu veldi. Gangan að Drynjanda er óstíkuð en á færi flestra og tekur 3-4 klukkustundir báðar leiðir.

Dynjandi er einn þekktasti foss á Íslandi og hefur líkt og Gullfoss og Dettifoss náð heimsfrægð. Hann var friðaður árið 1981 og er í dag ásamt Látrabjargi og Rauðasandi helsti viðkomustaður ferðamanna á Vestfjörðum. Hann skapar því Vestfirðingum ómældar tekjur óvirkjaður, þar til í fyrra var frændi hans Drynjandi flestum ókunnur en er nú risandi stjarna eins og Dynjandi forðum. Fyrirhuguð virkjun Hvalár ógnar þó tilvist Drynjanda en framkvæmdin mun þurrka upp fossinn að mestu og þagga niður í drunum sem hann dregur nafn sitt af.



Fossinn Drynjandi er í Hvalá í Ófeigsfirði. Fossinn er tæplega sjötíu metra hár eða álíka há og Hallgrímskirkja.



Horft eftir Hvalá til Ófeigsfjarðar. Kálfatindur blasir við í Ingólfsfirði.



Hvalá er mesta ferskvatnsá á Vestfjörðum. Áformað er að virkja hana.



Tjaldað í miðnætursólinni. Kálfatindur sést fjær. MYND/ÓMB

Áður en gljúfrið tekur snarpa beygju til norðurs er gengið upp á barm þess en þar blasir Drynjandi við í öllu sínu veldi. Gangan að Drynjanda er óstíkuð en á færi flestra og tekur 3-4 klukkustundir báðar leiðir.

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á [frettabladid.is](http://frettabladid.is).





Way of Life!

# ÖFLUGUR SUZUKI S-CROSS

BEINSKIPTUR, SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN

KOMDU  
OG PRÓFAÐU  
HANN!



## Fjór hjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Þú kemst alla leið!  
Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

VERÐ FRÁ KR.

▶ **3.990.000**

**ALLGRIP**

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.



**SUZUKI**

FLUTT MED  
**EIMSKIP**

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

**+PLÚS**



**Vatnið í Hvalá er kristaltært og kalt.**  
MYND/ÓLAFUR MÁR



**Hvalá rennur ofan af heiðinni í mikilfenglegum gljúfrum.**  
MYND/ÓLAFUR MÁR



**Gönguferðin fram með Hvalá ætti ekki að vera ofraun fyrir útvistarfolk.**  
MYND/ÓLAFUR MÁR

Dynjandi í Arnarfirði er í raun réttri fossaröð þótt sá efsti sé þeirra langfrægastur.

**Sólsetur á Ströndum norður.**  
MYND/ÓLAFUR MÁR



**Hinn tilkomumikli Dynjandi séður úr lofti.** MYND/ÓLAFUR MÁR

## MARKAÐURINN

# Kanadískt félag kaupir Green Energy Iceland



Dalsnes á meðal annars heildsöluina Innes. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Söluhagnaður Ólafs nam 2,3 milljörðum

Hagnaður Dalsnes, móðurfélags Innes, af sölu á 60 prósent hlut félagsins í heildsöluinni Haugen Gruppen nam tæplega 2,3 milljörðum króna. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Dalsnes sem er að fullu í eigu Ólafs Björnssonar.

Ólafur seldi 60 prósent hlut sinn til fyrrverandi meðeigenda sinna, þeirra Marinós Marinóssonar, forstjóra Haugen Gruppen, og Haralds Jónssonar stjórnarformanns en kaupin gengu í gegn í september í fyrra. Eiga þeir Marinó og Haraldur nú félagið að fullu.

Bremningarnir keyptu heildsöluuna, sem starfar í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, árið 2006. 60 prósent hlutur Ólafs var metinn á 3,6 milljarða króna í bókum Dalsnes í lok árs 2016.

Ólafur sagði við Viðskiptamoggann í fyrra að hann hefði selt hlut sinn til að skerpa áhersluna á viðskiptamsviðsin hér á landi. Hann á meðal annars Innes og helmingshlut í Lindarvatni sem á Landssimareitinn við Austurvöll. – kj

Starfsemi orkufyrirtækisins Green Energy Geothermal, sem byggir á íslensku hugviti, verður sameinuð á Íslandi í kjölfar kaupa kanadísks fjárfestingarfélags á eignum fyrirtækisins. Óvissa hefur ríkt um rekstrarhæfi Green Energy Iceland.

Kanadíska fjárfestingarfélagið Energy Co-Invest Global hefur gengið frá kaupum á helstu eignum orkufyrirtækisins Green Energy Geothermal (GEG), þar á meðal Green Energy Iceland. Nýr eigandi hyggst sameina alla starfsemi GEG á heimsvísu í nýjum höfuðstöðvum í Reykjavík.

GEG, sem var stofnað árið 2008 af íslenskum verkfræðingum í samvinnu við norska fjárfesta, sérhæfir sig í framleiðslu litilla og meðalstórra jarðvarmavirkjana en félagið vinnur um þessar mundir að endurnýjun gömlu gufustöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi og hefur á síðustu árum reist fjölmargar jarðvarmavirkjanir í Kenía. Til viðbótar starfar félagið í Asíu, Karíbahafinu og Rómönskum-Ameríku.

Ekki er vitað hvert kaupverðið er. Green Energy Iceland tapaði 74,5 milljónum króna á síðasta ári en fram kemur í ársreikningi félagsins að nokkur óvissa hafi ríkt um verkefnastöðu samstæðunnar, sem er bresk, og þar af leiðandi rekstrarhæfi dótturfélagsins. Þó er tekið fram að greiðsluhæfi félagsins verði tryggt í nánustu framtíð.

Er rakið í ársreikningnum að frá



Green Energy Geothermal vinnur að endurnýjun vélbúnaðar í gömlu gufustöðinni í Bjarnarflagi. Framkvæmdir hófust í mars. LJÓSMYND/LANDSVIRKJUN

## 75 milljóna tap var af rekstri Green Energy Iceland í fyrra.

Því í desember árið 2016 hafi hlutafélagið móðurfélagsins, GEG, verið aukíð um 3,3 milljónir punda, jafnvirði 465 milljóna króna, í því augnamiði að standa við samninga félagsins, þar með talið við Landsvirkjun, og aflaga nýrra samninga.

Þá skrifaði Green Energy Iceland undir samning við fjárfesta í apríl um stofnun þróunarfélags sem hyggst reisa 110 megavatta jarðvarmavirkjun í Indónesíu. Aætlað er að fjárfesting félagsins í verkefninu verði um 11 milljónir dala.

24 manns störfuðu hjá Green Energy Iceland í fyrra en tækni- og rannsóknarsvið samstæðunnar hafa verið til húsa hér á landi allt frá stofnun. kristinngi@frettabladid.is



Keahótel á Hótel Borg sem stendur í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fjórðungi minni hagnaður hjá Keahótelum

Hagnaður Keahótela á árinu 2017 nam 539 milljónum króna og dróst saman um tæpan fjórðung á milli ára. EBITA-hagnaður félagsins dróst jafnframt saman, eða um 32 prósent. Hann nam 587 milljónum króna á síðasta ári samanborið við 868 milljónir árið 2016.

Rekstrarkjör námu 3.090 milljónum króna og drógust saman um 1,4 prósent á milli ára samhlíða 6,7 prósentu aukningu annars rekstrarkostnaðar og 9,5 prósentu aukningu launakostnaðar.

Keahótelur rekur hótelin Apótek, Borg, Exeter, Skugga og Storm í Reykjavík, hótelið Gig að Mývatni og hótelin Norðurland og Kea á Akureyri. Fyrir rúmu ári var Keahótel keypt af félaginu K Acquisitions en að baki því standa JL Properties, með 25 prósentu hlut, Pt Capital Advisors með 50 prósentu hlut og Tröllahvönn með 25 prósentu hlut.

Eignir félagsins nema 971 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok var 548 milljónir og eiginfjárlutfall félagsins var 56,4 prósent. – tth

## Nýr Polo. Besta útgáfan af sjálfum sér.



### Nýr Volkswagen Polo mætir gjörbreyttur til leiks.

Stærra innanrími og frábært upplýsinga- og afþreyingarkerfi gera allar bilferðir betri í nýjum Polo. Ný vélartækni skilar meira afli og þú getur valið um fjölmörg aðstoðarkerfi svo að þinn Polo verði nákvæmlega eins og þú vilt hafa hann. Komdu og prófaðu Polo. Hlökkum til að sjá þig!

Volkswagen Polo  
Verð frá aðeins  
**2.450.000 kr.**



Volkswagen

### Við látum framtíðina rætast.

5 ára ábyrgd fylgir fólksbilum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á [www.hekla.is/abyrgd](http://www.hekla.is/abyrgd)

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# SENSAI

## LASH VOLUMISER 3&C

Magnað umfang. Klessist ekki.  
Svellandi svartur.



## GJÖFIN ÞÍN

SENSAI kynning í Hagkaup 5.-12. september.  
Glæsilegur kaupuki\* fylgir þegar keyptar eru 2 vörur í SENSAI.

\*Á meðan birgðir endast. SENSAI fæst ekki í Njarðvík og Borgarnesi.



**HAGKAUP** *Meira  
svona  
alla daga*

# Að segja nei



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladi.is

Verktakar hafa of lengi haft nánast dáleiddandi áhrif á meirihluta borgarstjórnar. Meðan meirihlutinn sveifir um í hálfgerðu svefnástandi fengu verktakar frjálstar hendur. Þeir kunnu sannarlega að nýta sér það og öðu um miðbæinn í leit að auðum reitum. Þegar þeir voru fundnir var umsvifalaust hafist handa við að reisa þar hótél. Afleiðingin er sú að Reykjavík er hótélborg. Svo að segja á hverju horni í miðbænum má finna hótél, bæði stórt og smá. Sannarlega setja þau svip á miðbæinn, en ekki skemmtilegan. Til er orðinn miðbær sem samanstendur að mestu af hótélum, veitingastöðum og lundabúðum með hrópanði ósmekklegan varning. Það er ekki nema von að stór hluti íbúa höfuðborgarsvæðisins, sem býr annars staðar en í miðbænum, sér litla ástæðu til að leggja regulega leið sína þangað. Þar er einfaldlega ekki nægilega mikið að sækja. Enn er til Bankastræti en þar er enginn banki lengur. Pósthússtræti er vissulega á sínum stað en Pósthúsið er að flytja burt. Götunöfnin minna á að eitt sinn var hægt að sækja þangað þjónustu. Nú er litli þar að hafa, allt af þó hægt að rölta inn á veitingastaði. Hafi menn svo geið í sér til þess má fara í spássitur og virða fyrir sér ný hótél.

Borgarstjórnarmeirihluti sem leggur áherslu á aðlaðandi miðbær hefur horft aðgerðalaus á verkataka hertaka borgina. Nú er reynt að losa sig undan þessu ægivaldi því stjórnendur Reykjavíkurborgar hafa gripið til aukinnar stýringar í hótéluppbyggingu og segja ekki rými fyrir fleiri hótél á ákveðnum svæðum í miðbænum. Það er hárrétt að það eru ekki ýkja margir auðir reitir eftir í miðbænum. Þeir urðu hótélglöðum verktökum að bráð. Hin haukfránu og gráðugu augu verktaka virðast samt sjá enn fleiri tækifæri til hótéluppbyggingar í miðbænum og mótmæla nýrri stefnu Reykjavíkurborgar harðlega. Þeir segjast nú neyðast til að endurhuga fyrirhuguð hótélverkefni í miðbænum. Það er ekki nema von að þeim sé brugðið, því þeir hafa komist upp með það sem þeim sýnist. Nú verður blessunarlega breyting á því. Hins vegar er dapurlegt fyrir unendur miðbæjarins að þessi breyting hafi ekki orðið mun fyrr.

Formaður skipulags- og samgönguráðs, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, hefur sagt að á síðustu árum hafi verið mikill þrýstingur frá verktökum, en sagði jafnframt að borgin hefði margoft neitað að veita hótélleifi. Gott er til þess að vita að í borgarkerfinu hafi menn þorað að segja nei við verkataka. Um leið er ljóst að ekki hefur verið sagt nei nógu oft. Það er nefnilega list að segja nei og það hefur tekið langan tíma hjá Reykjavíkurborg að ná tókum á því.

Borgaryfirvöld hafa sýnt verktökum linkind og leyft þeim að vaða uppi. Afleiðingarnar blasa við í miðbænum þar sem hverju hótélinu á fætur öðru hefur verið plantað niður. Nú loks finnst borgaryfirvöldum mál að linnu. Hin dapurlega staðreynd er hins vegar sú að skoðinn er þegar orðinn.

## Haldór



## Frá degi til dags

### Vitahringur vantrausts

Ríkisstjórnir falla og embættismenn taka pokann sinn vegna afhjúpana fjölmöla. Í nýrri skýrslu starfshóps um traust á stjórnmálum er varað við vitahring vantrausts vegna þeirrar venju stjórnmálada að sýnja frekar beiðnum fjölmöla um upplýsingar en að veita þær. Sýnir sér lítt rökstuddar og 'látio á það reyna' hvort beiðandinn leiti réttar síns. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur verið fjársvelt svo í hel að blaðamaður er heppinn ef hann þarf bara að biða í nokkra mánuði eftir úrskurði en meðalafgreiðslutími nefndarinnar er heilt ár. Metnaður ríkisstjórnarinnar í málinu er markmið um 90 daga biðtíma.

### Vitahringur meðvirkni

Þótt nefndin gagnrýni vissulega margt í þessum erum eru tillögur hennar svo máttlausar að engin von er til þess að þær geti orðið til þess að endurreisa traust á stjórnmálum. Til þess þyrfti algæra kúvendingu. Það þarf svartá skýrslu og alvöru tillögur sem raunverulega breyta einhverju. Til að úrskurðarnefnd um upplýsingamál geri gagn þarf hún að hafa starfsfólk í fullu starfi sem úrskurðar um beiðni á sólarhring, tveimur í mesta lagi. Frétt sem kemst ekki á prent fyrir en ári eftir að ráðherrann skeit í buxurnar er dauð og ráðherrann löngu kominn í skjól. [adalheidur@frettabladi.is](mailto:adalheidur@frettabladi.is)

## Hefur hert eftirlit haft áhrif á framboð Airbnb?



Ásta Kristín Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans

Í upphafi sumars undirrituðu ráðherra ferðamála og sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu samning um hert eftirlit með heimagistingu með fjárvæitingu upp á 64 milljónir króna til embættisins. Tilgangur samningsins var að öðlast betri yfirsýn yfir raunverulegt umfang heimagistingar, tryggja rétt skattskil einstaklinga og að lögáðilar sem stunda gististarfsemi afli sér rekstrarleysis og starfsemin fari þar með að þeim lögum sem um hana gilda.

Hert eftirlit með heimagistingu var hótél- og gisti-húsaegjendum eðlilega mikið fagnaðarefni, enda veikir leyfislaus heimagisting samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem skila lögbundnum sköttum og skyldum til samfélagsins um land allt. En hefur þetta virkað? Hafa aðgerðirnar borið árangur?

Ef samanburður mánaðanna maí og júlí á árunum 2017 og 2018 er skoðaður í mælaborði ferðabjónustunnar þá kemur í ljós að framboð gistingu og fjöldi leigusala hefur dregist saman í báðum þessum mánuðum. Þannig fækka þeim sem leigja á Airbnb um 17% milli ára. Ef höfuðborgarsvæðið er skoðað, þar sem langmesta framboðið hefur verið, fækka Airbnb leigusölum um 24%. Á sama tíma minnkar framboð á gistingu um 24-30%, misjafnlega mikið eftir tegundum rýma.

Þetta geti þýtt að hert eftirlit eða jafnvel bara umræðan um hert eftirlit sé að hafa áhrif á þennan markað. Nú virðist vera ágæt fylgni á milli fjölda ferðamanna (3-4%) og fjölda gistinguá tala á hótélum og gistiheimilum (4%).

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands kemur fram að á fyrstu 6 mánuðum ársins fjlgar gistingu – í gegnum vefsíður um 10% sem gefur til kynna að aðrar vefsíður en Airbnb hafi sótt í sig verði. Fjöldi gistinguá tala er mest í húsbilum eða um 34% og í annarri innigistingu (hjá vinum og ættingjum, húskiptum) er hún um 12%.

Ahugavert verður að fylgjast með þróun gistingar á næstu mánuðum.



Það er nefnilega list að segja nei og það hefur tekið langan tíma hjá Reykjavíkurborg að ná tókum á því.

Nýr Opel

# GRANDLAND X

Grandland X Enjoy 1,2L MT 130ha. Verð: 3.990.000 kr.

**Frumkýningartilboð:**  
**3.790.000 kr.**

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Grandland X og bókaðu reynsluakstur á [grandland.opel.is](http://grandland.opel.is)



# Enn um ættarnöfn

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Við Kristján Hreins-son skáld og heimspekingur leikum okkur stundum að því að kasta á milli okkar ættarnöfnum sem rímorðum í kveðskap. Eg ræð aðeins við auðveld nöfn eins og Kúld og Maack og Mixa og Proust en Kristján glimur við hin erfiðari ættarnöfnin eins og Aðils, Bieltvedt, Flygenring, Kröyer og Schopka. Það hefur hamlað okkur við þessa iðju að við höfum til þessa haldið okkur við þau ættarnöfn sem fólkið í landinu hefur tekið sér skv. lögum. Ættarnöfnin hafa reynt fleiri en við hugðum. Hér segir frá því.

Rómverjar tóku sér ættarnöfn. Venjan breiddist út og ruddi smám saman burt föðurnöfnum og stöku snum móðurnöfnum sem tíðkuðust í germónskum síð og tókast enn á Íslandi. Aðalsmenn urðu fyrstir til að bera ættarnöfn á miðöldum en síðurinn barst síðan niður virðingargstiga samfélagsins rím fyrir rim. Frakkar tóku upp ættarnöfn á 10. öld og Danir í byrjun 16. aldar. Um aldamótin 1800 bar fjórði hver Dani ættarnöfn. Þegar leið á 19. öldina tóku Íslendingar, einkum yfirstéttirnar, að breyta föðurnöfnum í ættarnöfn og voru þau orðin tæplega 300 árið 1910 og eru nú orðin fleiri en 600. Hér er ekki ætlan mín að yfa upp deilur síðustu ára um mannanöfn heldur aðeins að rifja upp rösklega 100 ára gamla sögu til fróðleiks og yndisauka.

Í Skírni 1908 birtist grein eftir Guðmund Jónsson, tvitugan mann, þar sem hann sagði m.a.: „Eg ætlast til að allir ungir menn, karlar og konur, ... eigi sér samböðin mannanöfn, þá tegund þjóðernis, sem einna mest ber á, – eg ætlast til að þeir allir taki sér upp falleg og alislenzka nöfn, sem gera má að ættarnöfnum. ... Eg tel það engum skyldara en mér, að verða fyrstur til að taka upp [ættar]nafn ... Því vil eg feginn vinna að því, að sem flestir taki upp slík nöfn. Og eg skal byrja. Eg breyti nafninu: Guðmundur Jónsson í undirritað nafn. Og æski þess að verða ávalt hér eftir nefndur því heiti. ... Guðmundur Kamban.“ Honum varð að ósk sinni. Hann varð einnig frægt skáld.

Nú komst skríður á málið. Alþingi lét skipa þriggja manna nefnd til að semja ættarnöfn handa Íslendingum og samþykkti síðan lög um mannanöfn sem tóku gildi 1915. Voru um 270 ættarnafnaleysisbréf gefin út gegn gjaldi til 1925 þegar lögnum var breytt til að taka fyrir frekari ættarnafngiftir.

Árni Pálsson prófessor fjallaði um málið í fyrirlestri Um ættarnöfn 1916 (sjá Árni Pálsson, Á við og dreif, Helgafell, 1947, bls. 269-290). Þar hafnar hann þeirri skoðun að gamla íslenska nafnavenjan sé eins og að „druslast í vaðmálsfötunum innan um prúðubúna „gentleman!““ Hann rekur tillögur nefndarinnar lið fyrir lið:

● „Ef maður vill kenna sig við föður eða ættföður, sem heitir Snorri, verður ættarnafnið Snorran. Eða ef maður vill kenna sig við bæ, sem heitir t.d. Bakki eða Hlið, þá verður ættarnafnið: Bakkan, Hliðan. Rökstuðning: an merkir hreyfingu frá, sbr. héðan, þaðan! Samkvæmt þessari reglu eru t.d. nöfnin (!) Austan, Vestan, Sunnan, Norðan tekin upp á skrána.“

● „Ef maður á móður eða ættmóður, sem heitir Hrefna, verður ættarnafnið Hrefnon. Eftir sömu reglu er farið um staðanöfn, sem hafa endinguna a: Dæmi: ... Katlon.

– Tungon, Leiron, Hriflon, ... Rökstuðning: Í frum norrænu enduðu þau kvenkynsorð á on, sem nú enda á a!“ Enginn Íslendingur tók sér nafn hér heima með endingunni „on“ svo vitað sé. Landshornaflakkarinn Karl Einarsson Dunganon tók sér það nafn í Færeyjum.

● „Ef maður vill kenna sig við einhvern fjörð, verður endingin fer. Dæmi: Breiðfer, Patfer, Önfer. Rökstuðning: Hin germanska rót í orðinu fjörður er fer.“ Eggert Gilfer, sjófaldrur Íslandsmeistari í skák, kenndi

sig þannig við Gilsfjörð. Önnur dæmi finnast ekki.

● „Ef maður vill kenna sig við bæjarnafn, sem hefur endinguna staður eða staðir, verður ættarnafnsendingin star. Dæmi Brústar (Brúsastaðir), Hósstar (Höskuldsstaðir), Vakstar (Vakursstaðir). Rökstuðning: Rótin í staður er sta, „og við hana höfum við skeytt -r, sem er algeng afleiðsluending í málinu. Virðast oss slík ættarnöfn allfögur og hagkvæm.“ (!!)“ Hér vitnar Árni Pálsson orðrett í álit nefndarinnar.

Enginn Íslendingur tók sér slíkt nafn með endingunni „star“ svo vitað sé.

Árni Pálsson tilgreinir fleiri tillögur nefndarinnar um ættarnöfn: „Aran, Daðan, Síðon, Sturlon, Kvígfer, Reyðfer, Spóstar, Sprúgstar, ... Apvaz (Apavatn!), Villvaz (Villingavatn!), Vikvaz (Vikingavatn!) o.s.frv.“

Árni Pálsson segir að lokum máls síns um álit nefndarinnar að „þessi nöfn eða ónefni, sem hún hefur verið að smíða, eru öll eða flestöll með því marki brennd, að ég held, að engin hætta sé á, að þau sviki sig inn í eyru

þjóðarinnar. ... ég get ekki skilið að nokkrum heilvita manni komi til hugar að nota þau. Og ég vona, að augu allra munu nú opnast fyrir því, að það muni ekki auðgert að smíða ættarnöfn við hæfi íslenzkunnar, þegar einum lærðum málfraeðingi og tveimur velmenntuðum og venjulega smekkvisum rithöfundum hefur ekki tekizt betur en þetta.“

Árni reyndist sannspár. Hitt hefði hann varla getað grunað hversu fjölskrúðugum fornöfnum Íslendingar hafa skirt börnin sín.

www.ils.is 569 6900 09:00–16:00

## Húsnæðismál á landsbyggðinni –Tilraunaverkefni



### Íbúðalánasjóður óskar eftir þátttöku sveitarfélaga í tilraunaverkefni um uppbyggingu húsnæðismála á landsbyggðinni

Markmið verkefnisins er að leita leiða til þess að bregðast við þeim mikla húsnæðisvanda sem ríkir víðsvegar á landsbyggðinni, m.a. vegna óvirkis íbúða- og leigumarkaðar og skorts á viðunandi íbúðarhúsnæði.

Horft er til þess að 2-4 sveitarfélög taki þátt í tilraunaverkefninu og að verkefnið nái að fanga mismunandi áskoranir á ólíkum landsvæðum. Þannig geta þær lausnir sem verkefninu er ætlað að móta nýst á sem breiðustum grunni.

Verkefnið tekur mið af stjórnsáttmála ríkisstjórn- arinnar sem og stefnumótandi byggðáætlun sem samþykkt var á Alþingi þann 11. júní 2018. Í byggða-

áætlun er m.a. kveðið á um markmið um fjölgun íbúða á svæðum þar sem skortur á hentugu íbúðar- húsnæði hamlar uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins er grundvallar- forsenda fyrir þátttöku í verkefninu. Hafi sveitar- félagið ekki þegar unnið slíka áætlun og skilað til Íbúðalánasjóðs þarf það að hafa til þess vilja og getu að ljúka við gerð hennar.

Þau sveitarfélög sem óska eftir að taka þátt í verk- efninu eru beðin um að hafa samband við **Sigrúnu Ástu Magnúsdóttur**, deildarstjóra á húsnæðis- sviði Íbúðalánasjóðs, á netfangið [sigrun@ils.is](mailto:sigrun@ils.is) fyrir 30. september 2018.

**Umsóknarfrestur:**  
**30. september 2018**





# Staðalímyndir, jafnrétti og launapróun meðal lækna



Reynir Arngrímsson formaður Læknafélags Íslands

Mikið hefur áunnist í jafnréttismálum lækna námsstéttarinnar. Í dag eru 40% lækna konur og í útskriftarágöngum lækna eru nú tveir af hverjum þremur kandidótum konur. Um 80% lækna í framhaldsnámi í heimilislækningum eru konur. Konur í lækna-stétt eru greinilega góðar fyrirmyndir ungra kvenna þegar kemur að vali á háskólanámi og starfsvettvangi. Þannig má segja að lækna-stéttin á Íslandi sé því í fararbroddi við að brjóta niður staðalímyndir og stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna. Mættu aðrir taka það sér til fyrirmyndar, en talsvert ber enn á þeim ranghugmyndum að í lækna-stétt veljist eingöngu karlar.

Að Læknafélagi Íslands eiga fjögur félög aðild. Félag sjúkráhuslækna sem stofnað var í upphafi þessa árs og í eru lækna sem vinna aðallega á sjúkráhusum og heilbrigðisstofnunum, Félag íslenskra heimilislækna sem í eru aðallega lækna sem starfa á heilsugæslustöðvum og við heimilislækningar, Læknafélag Reykjavíkur (LR) sem í eru lækna sem starfa sjálfstætt að hluta til eða öllu leyti og Félag almennra lækna sem í eru


340 lækna sem fengið hafa lækningaleyfi. Þeir starfa sem almennir lækna í íslenska heilbrigðiskerfinu, á sjúkráhusum og heilsugæslunni. Þar eru konur meirihluti starfandi lækna.

### Hagstæðari gerðardómar

Í skýrslu McKinsey og Co. um Landspítalann, sem unnin var fyrir heilbrigðisráðuneytið, er bent m.a. á að lækna séu hlutfallslega of fáir í starfsmannahópi Landspítalans. Höfundar töldu að brynasta forgangsverkefni heilbrigðiskerfisins væri að fjölga læknum en með því yrði hægt að gera alla ákvarðanatöku markvissari og skjótari, stytta biðtíma eftir meðferð og fækka legudögum sjúklinga og þar með minnka álag á stöðþjónustu s.s. hjúkrun. Þar var einnig ábending um að almennir lækna standi of stutt við í starfi á Íslandi og fjölga þurfi framhaldsnámstækifærum. Ef horft er til launakjara almennra lækna og þeirrar próunar sem átt hefur sér stað í landinu þarf þetta ekki að koma á óvart.

Nýlega birti fjármálaráðuneytið yfirlit yfir launapróun ýmissa starfsstétta í opinberri þjónustu og þar með talið heilbrigðisstétta og háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins frá árinu 2007 til 2017. Þegar launakjör félagsmanna í Félagi almennra lækna eru skoðuð kemur í ljós að þeir hafa að mörgu leyti borð skarðan hlut frá borði þegar horft er til launapróunar, hvort sem horft er til hlutfallslegrar hekkunar eða breytinga á meðaltals dagvinnulaunum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

### Dagvinnulaun 2007 til 2017



Próun dagvinnulauna kandidata og almennra lækna hlutfallslega og í krónum borið saman við aðrar starfsstéttir hins opinbera frá 2007 til 2017.

Kjarabaráttan 2014 hefur ekki skilað sama ávinningi fyrir almenna lækna og úrskurðir kjaraáðs eða gerðardómar annarra heilbrigðis- og háskólamenntaðra stétta með sambærilega eða styttri námslend að baki. Þó iðulega sé vísað til kjaraáráttu lækna og að þeir hafi verið undanfarar í báráttu fyrir endurnýjun kaupmáttar launa eftir hrúnið 2008 er ljóst að þeir sem á eftir hafa komið hafa ótvírátt notið meiri samúðar við launasetningu af hálfu hins opinbera og stofnana á þess vegum.

### Menntun og framhaldsnám

Færst hefur í vöxt að lækna útskrifist úr sinu sex ára grunnnámi frá erlendum háskólum. Þessir ungu lækna leita heim á ný og koma til starfa sem almennir lækna og gegna mikilvægu hlutverki í læknaþjónustunni og heilbrigðiskerfinu í heild. Námskostnaður þessa hóps er hár og skiptir miljónum króna í skólagjöld við hina erlendu háskóla á ári hverju. Ekki verður séð með góðu móti að núverandi launakjör og stutt starfsævi geti staðið undir

slíkum námskostnaði, þegar enn er að lágmarki 5 ára framhaldsnámi ólokið auk kandidatsársins. En full menntun og þjálfun til sérfræðivörðunningar lækna tekur 12 til 14 ár frá stúdentsprófi.

Á Íslandi er nú boðið upp á að ljúka framhaldsnámi í heimilislækningum og geðlækningum einum sérgreina læknafræðinnar. Hlutanám í fleiri sérgreinum er í boði, en sá böggull fylgir skammri að Embætti landlækna hefur fyrr á þessu ári tekið fyrir að lækna sem stunda meirihluta framhaldsnáms í sérgrein hérlendis og ljúka því við erlenda heilbrigðisstofnun geti sótt beint um sérfræðivörðunningu íslenskra heilbrigðisyfirvalda að afloknum tilskildum námstíma skv. reglugerð. Þessi ákvörðun ef fær að standa óhögguð mun lengja í flestum tilvikum þann tíma sem íslenska lækna tekur að fá full starfsréttindi í sérgrein, ef sú ségreinanámsleið að starfa eftir kandidatsár á Íslandi er valin.

Þannig er fjárhagslega hagstæðara og markvissara fyrir almenna lækna að halda strax utan til framhaldsnáms. Slíkt myndi skapa alvarlegri krisu innan kerfisins en við höfum kynnst til þessa. Að mörgu er að hyggja fyrir yfirlönd ef þessi staða á ekki að skaða þjónustu heilbrigðiskerfisins og bitna á sjúklingum. Núverandi launasetning og launapróun almennra lækna og óviss staða sem upp er komin um réttindi til sérfræðivörðunningar svo og vanfjármögnun framhaldsnáms er áhyggjuefni sem krefst tafarlausa viðbragða og úrbóta heilbrigðisstofnana og heilbrigðisyfirvalda.



# Nýr Dacia Duster



## Gerðu virkilega góð kaup!

Staðalbúnaður í Comfort útgáfu er meðal annars: 16" álfelgur, leiðsögukerfi með Íslandskorti, þokuljós, miðstöð með loftkælingu, brekkuheimlun (eingöngu í 4x4), hraðastíllir með hraðatakörkun, fjarlægðarskynjarar að aftan, neyðarhelmunarhjálp, start/stopp búnaður, skyggðar rúður að aftan, hiti í framsætum. Aukalega í Prestige útgáfu: 17" álfelgur, Multiview 360° myndavélakerfi, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, lykillaust aðgengi, leðuráklæði á sætum.

Verð frá:

3.590.000 kr.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyri  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhóla 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# ÚRVAL

# NOTAÐRA BÍLA

WWW.BILALAND.IS

Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!

**Lykill**  
gærmörgun

Mánaðargæðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykkill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lántakskilmála á heimasíðu lykkill.is. Aðrir gættir og kostnaðir bílaþena frá lykkill.is er breytilegur og kjör lána mótast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS



13.096 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 192692

KIA Picanto LX  
Nýskr. 06/15, ekinn 53 þ.km,  
bensín, beinskíptur.  
Verð 1.290 þús. kr.

TILBOÐ:  
**990 þús. kr.**



65.777 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 153352

BMW X1 Xdrive18d  
Nýskr. 03/16, ekinn 23 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 4.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**4.390 þús. kr.**



32.367 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 145199

FORD Galaxy 7 manna  
Nýskr. 05/16, ekinn 159 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 3.190 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.490 þús. kr.**



42.645 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 390988

NISSAN X-Trail Acenta 4wd  
Nýskr. 06/15, ekinn 76 þ.km,  
dísil, beinskíptur.  
Verð 3.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.290 þús. kr.**



40.339 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 192632

KIA Sorento Premium  
Nýskr. 04/11, ekinn 148 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 2.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.390 þús. kr.**



29.797 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 145041

NISSAN Qashqai Acenta 4wd  
Nýskr. 02/16, ekinn 95 þ.km,  
dísil, beinskíptur.  
Verð 2.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.290 þús. kr.**



34.936 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144889

TOYOTA Rav4 GX Plus  
Nýskr. 05/16, ekinn 95 þ.km,  
bensín, sjálfskíptur.  
Verð 3.590 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.690 þús. kr.**



36.221 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 430106

SUBARU Outback Premium  
Nýskr. 05/16, ekinn 140 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 3.390 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.790 þús. kr.**



34.936 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144827

RENAULT Kadjar Zen 4wd  
Nýskr. 08/16, ekinn 60 þ.km,  
dísil, beinskíptur.  
Verð 3.290 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.690 þús. kr.**



43.930 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 145018

BMW 118d  
Nýskr. 10/15, ekinn 49 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 3.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.390 þús. kr.**



20.804 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 430110

HYUNDAI i30 Classic  
Nýskr. 06/15, ekinn 54 þ.km,  
bensín, beinskíptur.  
Verð 1.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.590 þús. kr.**



43.930 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 391186

HYUNDAI Tucson Comfort  
Nýskr. 05/16, ekinn 64 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 3.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.390 þús. kr.**



38.791 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 390977

NISSAN Qashqai Acenta 4wd  
Nýskr. 02/17, ekinn 56 þ.km,  
dísil, beinskíptur.  
Verð 3.590 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.990 þús. kr.**



18.235 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 390885

NISSAN Note Acenta Plus  
Nýskr. 09/15, ekinn 39 þ.km,  
bensín, beinskíptur.  
Verð 1.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.390 þús. kr.**



37.506 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 145343

SUBARU Forester Premium  
Nýskr. 03/16, ekinn 93 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 3.490 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.890 þús. kr.**



25.319 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 145170

VW Passat Comfortline  
Árgerð 2013, ekinn 111 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 1.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.490 þús. kr.**



15.665 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 145040

RENAULT Megane Sport Tourer  
Nýskr. 05/14, ekinn 102 þ.km,  
dísil, beinskíptur.  
Verð 1.590 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.190 þús. kr.**



46.499 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 153353

HYUNDAI Santa Fe III Comfort  
Nýskr. 06/15, ekinn 107 þ.km,  
dísil, sjálfskíptur.  
Verð 4.290 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.590 þús. kr.**



19.519 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 370902

RENAULT Clio Expression Sport Tourer  
Nýskr. 03/15, ekinn 37 þ.km,  
dísil, beinskíptur.  
Verð 1.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.490 þús. kr.**



16.950 kr.  
á máni. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 145346

HYUNDAI i30 Classic  
Nýskr. 03/16, ekinn 100 þ.km,  
bensín, beinskíptur.  
Verð 1.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.290 þús. kr.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 og  
á laugardögum frá kl. 12-16.

**bilaland**

## Handhafar allra titlanna



**Fjórfaldir meistarar** Kári Kristján Kristjánsson hefur meistarabikarinn á loft eftir sigur ÍBV á Fram, 30-26, í Meistarakeppni HSÍ karla í gær. Eyjamenn eru því handhafar allra fjögurra titlanna í karlaflokki en þeir urðu deildar-, bikar- og Íslandsmeistarar á síðasta tímabili. Kristján Örn Kristjánsson og Theodor Sigurbjörnsson voru markahæstir hjá ÍBV með sex mörk hvor. ÍBV mætir Gróttu í 1. umferð Olis-deildar karla. MYND/ÓSKAR PÉTUR FRÍDRÍKSSON

## Óþarfi að rugga bátnum mikið

Guðlaugur Victor Pálsson er kominn aftur í landsliðið eftir langa fjarveru og segir hann að það sé undir sér komið að festa sig í sessi. Hann segir að liðsfélagarnir í Sviss eigi von á stórsigri heimamanna.

Kristinn Páll Teitsson  
skrifar frá Schruns  
kristinnpall@frettabladid.is



**FÓTBOLTI.** Tilfinningin er æðisleg, virkilega skemmtileg og það er gott að vera kominn aftur,“ sagði Guðlaugur Victor Pálsson, leikmaður Zürich og íslenska landsliðsins, er Fréttablaðið ræddi við hann eftir æfingu í Schruns í gær. Hann er kominn aftur inn í landsliðshópinn fyrir fyrsta leikinn undir stjórn Eriks Hamrén gegn Sviss og Belgíu í Þjóða-deildinni.

„Erik hefur talað um það að hann ætli ekki að breyta af miklu og hreyfa af mikið til heldur halda í þá styrkleika sem við höfum. Hann er með sama hugsunarhátt og liðið hefur verið með og það verða sömu gildin hjá okkur. Seinna meir munu breytingar sjást en það er ekki víð í því að rugga bátnum af mikið undir eins.“

Guðlaugur Victor hefur ekki verið valinn í landsliðshópinn frá því í janúar 2017 en gaf aldrei upp vonina.

„Þetta var alltaf markmið sem ég setti mér, þetta var í höndum eins manns og sá aðili velur hópin.“



Guðlaugur Victor hefur leikið sex A-landsleiki. NORDICPHOTOS/GETTY

Ég var alltaf með augastað á því að komast í landsliðið og hef unnið af krafti með félagliði mínu. Fyrir mig er þetta áfangi, persónulega, að vera kominn aftur inn í liðið og undir mér komið að festa mig í sessi í hópnum.“

Aron Einar Gunnarsson er fjarverandi og er því ljóst að það vantar varnarsinnaðan miðjumann við hlið Gylfa Þórs Sigurðssonar, Guðlaugur kemur þar til greina og vonast

skiljanlega eftir því að fá tækifæri. „Við söknum auðvitað Arons en vonandi fæ ég tækifæri til að sýna að ég get leyst þessa stöðu,“ segir Guðlaugur.

„Ég hef leikið þessa stöðu áður og get það vel en ég þarf að fá tækifæri inni á vellinum. Það þýðir ekki að segja hluti nema maður geti sannað það inni á vellinum og ég mun gera það ef tækifæri kemur.“



Hann er í sínu besta líkamlega formi enda sex umferðir búnar í Sviss þar sem hann er fyrirliði bikarmeistaranna í Zürich. „Ég er búinn að vera að spila og æfa vel undanfarna daga og hef sennilega aldrei verið í betra formi líkamlega,“ segir Guðlaugur og bætir við að leikurinn hafi eðlilega verið ræddur í búningssklefanum undanfarnar vikur.

„Það er búðið að vera mikið af skotum í búningssklefanum síðustu vikurnar. Ég fékk að heyra að Sviss myndi slátra þessum leik en það kemur í ljós,“ segir hann og hikar ekki þegar hann er spurður hvort hann myndi ekki koma með kassann út aftur í búningssklefanum ef Ísland myndi vinna. „Algjörlega.“

Hann er fyrirliði hjá Zürich og var fljótur að hafna fyrirspurnum sem bárust í sumar.

„Þetta er æðisleg borg, skemmtilegt lið og kominn í Evrópu deildina þannig það eru skemmtilegar vikur fram undan. Það komu einhverjar fyrirspurnir en ég var fljótur að útloka það.“ Kristinnpall@frettabladid.is

## Vangaveltur en engin nöfn komin á blað

**FÓTBOLTI.** Guðni Bergsson, formaður KSÍ, segir að sambandið sé ekki búð að teikna upp lista yfir arftaka Freys Alexanderssonar hjá íslenska kvennalandsliðinu. Freyr hætti með það eftir jafntefli gegn Tékklandi á mánudaginn þegar ljóst var að Ísland kæmist ekki á HM.

„Við erum ekki búnin að setja okkur neinn tímaramma á það hvenær hann verður ráðinn. Í raun

er undirbúningsvinnan ekki langt á veg komin, markmiðið var að koma Íslandi á HM en í ljósi þess að það mistókst hætti hann eftir leikinn,“ segir Guðni við Fréttablaðið.

„Við viljum vanda valið vel þegar kemur að vali á næsta landsliðsþjálfara og munum gera það næstu vikur. Það hafa einhverjar vangaveltur átt sér stað hjá sambandinu en það eru ekki komin nöfn á blað.“

Við munum ekki útloka neinn og það kemur í ljós hvort það verður Íslendingur eða erlendur þjálfari.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ

Guðni á von á því að KSÍ muni meðal annars ræða við Frey og landsliðsnefndina um næsta landsliðsþjálfara.

„Við munum ekki útloka neinn og það kemur í ljós hvort það verður Íslendingur eða erlendur þjálfari. Við munum ræða þessi mál við landsliðsnefnd kvenna og fleiri aðila, þar á meðal Frey og fá hans sýn á þetta mál.“ – kpt

## Nýjast

## Meistarakeppni HSÍ karla

## ÍBV - Fram 30-26

ÍBV: Kristján Örn Kristjánsson 6, Theodor Sigurbjörnsson 6/1, Kári Kristján Kristjánsson 5, Grétar Þór Eypörsson 3, Fannar Þór Friðgeirsson 3, Sigurbjörg Sveinsson 2, Röbert Sigurðarson 2, Dagur Arnarsson 1, Hákon Daði Styrmissón 1.

Fram: Valdimar Sigurðsson 6, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 5, Þorgeir Bjarki Davíðsson 4, Svavar Kári Grétarsson 2, Arnar Magnússon 2, Andri Þór Helgason 2/1, Aron Óskarsson 1, Ægir Hrafn Jónsson 1, Sigurður Örn Þorsteinnsson 1.

## Inkasso-deild karla

## Leiknir R. - Þróttur R. 2-1

0-1 Teitur Magnússon (1), 1-1 Sólon Breki Leifsson (7), 2-1 Sólon Breki (74).

## Bráðabirgðalið Dana stóð í Slóvökum

**FÓTBOLTI.** Danmörk tapaði 3-0 fyrir Slóvakíu í vinnutíð landsleik í gær. Danska liðið var eingöngu skipað leikmönnum úr neðri deildunum í Danmörku auk futsal-leikmanna.

Aðalmenn Dana, þeir sem skipa landsliðið alla jafna, eiga í deilum við danska knattspyrnusambandið en ekki hafa náðst samningar um imyndar- og auglýsingarétt. Þá er landsliðsþjálfarinn Áge Hareide í frii í Noregi en hann stendur með landsliðsmönnum.

Gamla kempa John „Faxe“ Jensen var fenginn til að bjarga málinum og í fyrradag valdi hann landsliðshóp skipaðan leikmönnum úr neðri deildunum í Danmörku og futsal-leikmönnum.

Slóvakar voru hins vegar með sitt sterkasta lið og unnu öruggan sigur. Hann var þó ekki jafn stór og flestir reiknuðu með en slóvakíska liðið steig bensínið ekki í botn í leiknum í gær. Kanski sem betur fer fyrir danska liðið.

Danmörk mætir Wales í Þjóða-deildinni á sunnudaginn. Óvíst er hverjir spila þann leik fyrir danska liðið. – íps



Guðjón Valur skoraði sex mörk gegn Melsungen. NORDICPHOTOS/GETTY

## Í 8. sæti á markalistanum

**HANDBOLTI.** Guðjón Valur Sigurðsson er kominn upp í 8. sætið á listanum yfir markahæstu leikmenn þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta frá upphafi. Landsliðsfyrirliðinn skoraði sex mörk þegar Rhein-Neckar Löwen vann öruggan sigur á Melsungen í gær, 34-26. Alexander Petersson skoraði einnig sex mörk í leiknum.

Guðjón Valur hefur lengst af ferlinum leikið í Þýskalandi; með Essen, Gummersbach, Löwen, Kiel og svo aftur með Löwen. Yoon Kyung-shin, Lars Christiansen, Jochen Fraatz, Martin Schwalb, Christian Schwarz, Holger Glandorf og Andreas Dörhöfer eru þeir einu sem hafa skorad meira í þýsku deildinni en Guðjón Valur. – íps

# FÓK

FIMMTUDAGUR 6. SEPTEMBER 2018

Tíska



Maye Musk er sjötug fyrirsæta og hefur sjaldan haft jafn mikið að gera og nú. ➔6



## Steig út fyrir þægindarammann

Að loknu stúdentsprófi ákvað Sif Prastardóttir að setjast aftur á framhaldsskólabekk til að undirbúa sig fyrir nám í fatahönnun. Hún er nýlega komin heim frá Belgíu þar sem hún var í starfsþjálfun og næst liggur leiðin í fatahönnunarnám í Leeds. ➔2

Sif sneri aftur í FB, full af eldmóði og þolinmæði, ákveðin í að stiga út fyrir þægindarammann eins oft og hún gæti og var tilbúin að læra nýja hluti. MYND: STEFAN



## VERTU TILBÚIN FYRIR VETURINN

*Vandaðar kápur í miklu úrvali!*

comma,  
SMÁRALIND

## Framhald af forsiðu →

Sigríður Inga Sigurðardóttir  
sigriduringa@frettabladid.is



**B**óklegt nám hentaði mér aldrei en mér tókst að ljúka stúdentsprófi af félagsfræðibraut á hörkunninni einni saman. Arið 2016 fór ég á Dale Carnegie námskeið og þar fékk ég kjark til að skrá mig aftur í Fjölbrotaskólann í Breiðholti á fata- og textilbraut en mig langaði að undirbúa mig vel undir nám í fatakönnun við erlenda háskóla. Ég sneri aftur í FB full af eldmóði og þolinmæði, ákveðin í að stiga út fyrir þægindarmann eins oft og ég gæti og var svo sannarlega tilbúin að læra nýja hluti. Á þeim tíma grunaði mig ekki hvað ég gæti afrekað á tveimur árum,“ segir Sif, sem hefur alltaf búið yfir miklum sköpunarkrafti. „Áhuginn á fatakönnun var alltaf undirliggjandi. Á meðan ég var að klára stúdentinntötaði ég tímann til að breyta og bæta fótin mín og bjó til skart og fylgihluti,“ segir hún.

## Getur ekki beðið eftir næstu sýningu

Námið var fjölbreytt og veitti góðan grunn í fata-, textil- og vörubönnun, að mati Sifjar. „Ég kunni ekki einu sinni að þræða saumavél þegar skólinn byrjaði en námið hjálpaði mér að finna styrkleika mína og áhugasvið í hönnun og veitti mér jafnframt góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum. Kennarnir voru yndislegir og mynduðu



Sif segir námið hafa hjálpað henni að finna styrkleika sína og áhugasvið í hönnun og veitt henni góða undirstöðu í bóklegum greinum. MYND/STEFAN

persónuleg tengsl við okkur nemendurna,“ segir hún.

„Ég hafði sérstaklega gaman af tiskuteikningu og öllum áföngum sem tengdust hönnun

**NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU**

Starðir 80-83

Verslunin Belladonna

**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Sif hefur gaman af því að gera öðruvísi verkefni með ákveðna hugsun á bak við verkid. „Vistvan og „cruelty free“ hönnun heillar mig sérstaklega. Ég elska falleg og skemmtileg mynstur og smáatriði sem lifga upp á flikina.“

og saumtækni. Áfangi í vörubönnun reyndist mjög nýtsamlegur þar sem við lærðum að stofna fyrirtæki, hanna vöru og höldum svo pop-up markað þar sem við seldum vöruna okkar. Við lærðum einnig endurbönnun, bútasau, sjónlist, þrjón, þæfingu og litun, svo eitthvað sé nefnt. Á útskriftarönnuninni höldum við okkar fyrstu tiskusýningu. Sú upplifun kveikti eitthvað innra með mér sem ég vil aldrei slökkva. Ég get ekki beðið eftir að taka þátt í næstu sýningu,“ segir Sif brosandí.

## Ömetanleg upplifun

FB býður nemendum upp á starfsnám og skiptinám erlendis á vegum Erasmus+, sem Sif nýtti sér. „Ég var svo heppin að fá að fara tvisvar út á vegum skólans og sú upplifun er ömetanleg. Í fyrra fór ég til Finnlands í þrjár vikur og kynnti mér nám við verklegan skóla. Núna er ég nýkomin frá Belgíu þar sem ég var í starfsþjálfun hjá hönnuðinni Ariane Lespire í mánuð. Það fékk ég að sjá hvernig það er að vera sjálfstæður hönnuður. Lærði að sauma fylgihluti og búa til skartgrip sem voru svo sendir í verslanir í nokkrum löndum. Ég fann hvað

þessi vinna á vel við mig og ég hlakka til að starfa við hönnun í framtíðinni,“ segir Sif en innan tveggja vikna heldur hún til Leeds þar sem hún mun leggja stund á fatakönnun.

„Ég fékk inngöngu í tvo skóla og Leeds Arts University varð fyrir valinu. Ég fékk svo mikinn valkvíða að ég fór út að kynna mér báða skólana betur. Ég kolféll fyrir Leeds. Borgin, folkid, skólinn og kennarnarnir heilluðu mig upp ír skólum,“ segir hún.

Þegar Sif er spurð hvað einkenni hennar hönnun segist hún þæla mikið í hvernig hún geti nýtt efnið sem best og að flikin sé endingargóð. „Ég er opin fyrir því að leyfa hönnuninni að þróast og tek jafnvel alveg nýja stefnu í ferlinu. Ég hef gaman af því að gera öðruvísi verkefni með ákveðna hugsun á bakvið verkid. Vistvan og „cruelty free“ hönnun heillar mig sérstaklega. Ég elska falleg og skemmtileg mynstur og smáatriði sem lifga upp á flikina. Mér finnst líka gaman að gera fylgihluti eins og hárbönd, veski, skartgrip, skraut og slíkt. Innblásturinn kemur oft út frá tilfinningum, náttúrunni, umhverfinu og því sem er að gerast í heiminum,“ segir Sif.

## SPURT OG SVARAD

Fylgist þú með tiskustruumum?

„Já, ég skoða Instagram og fylgist þar með mörgum hönnuðum, merkjum og áhrifavöldum. Ég kiki stundum á Harper's Bazaar og aðrar vefsíður tengdar tisku og hönnun. Á ferðalögum finnst mér gaman að fylgjast með hvernig fólk klæðir sig. Fataval er svo mismunandi eftir löndum.“

Hvernig myndir þú lýsa eigin fatastíl?

„Hann er mjög breytilegur, fer eftir árstíðum og því sem mér finnst flott hverju sinni. Ég er mikið fyrir fallegar skyrur, blússur og toppa. Þegar ég var í Belgíu klæddist ég oftast litríkum fötum og hélt mikið upp á rauðar, uppháar buxur með blómamyntri. Þegar ég kom heim fór ég ósjálfrátt aftur að klæðast dókkum fötum.“

Ég elska falleg og skemmtileg mynstur og smáatriði sem lifga upp á flikina. Mér finnst gaman að gera fylgihluti eins og hárbönd, veski, skartgrip og skraut.

Áttu þér uppáhaldshönnuð?

„Karl Lagerfeld og Iris Apfel eru minnar helstu fyrirmyndir.“

Áttu uppáhaldsverslun?

„Ekki eins og er. Hér heima kaupi ég oft fót í Vero Moda en annars kaupi ég það sem gripur augað þegar ég fer út. Ég skoða alltaf hvort flikin er vel saumuð og hvort hún eigi eftir að týlast með í góðan tíma. Ég vil frekar kaupa nokkrar góðar flikur sem endast í staðinn fyrir að kaupa margar sem ég hætti fljótlega að nota.“

Hvaða flik þurfa allir að eiga?

„Það fer algerlega eftir fólki og stíl þess. Gott er að eiga eina góða flik sem auðvelt er að dressa upp með flottum fylgihlutum og skóm og einnig nota sem hversdagflik, svo sem einfaldan kjól eða blússu.“

## LEIÐSÖGUNÁM

## VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna sig Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig stenda skal að Leiðsögum erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest stöttarfélag styrkja nemdur til náms.
- Nemendur geta að námi loku gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu.
- Helstu námsgreinar:**
  - Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
  - Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
  - Saga landin, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðarþjónusta.
  - Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er upp á dag- og kvöldnáms, auk þess er ferfið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:** Fyrir nokkrum áruð stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsmálinu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðind sem landið okkar er og virðing sem okkur ber að sýna í því. Kennarnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma erfinu til skila.

Námið gefur mikla atvinnuöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir

**Ferðamálastóli Íslands**  
The Icelandic School of Travel and Tourism

**OPÍD**  
8-22

Ferðamálastóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

**Fólk er kynningarbláð** sem býður auglýsendum að kynna vöru og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Ábyrgðarmaður: 365 miðlar Elmar Hallgrímsson Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** Sólveig Gísladóttir, solveg@frettabladid.is, s. 512 5351 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Frey Þorsteinsson, oddurfrey@frettabladid.is, s. 512 5368 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Stóri Frey Jónsson, stam@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5338

**Sölumenn:** Arnar Magnússon, amarn@frettabladid.is, s. 512 5442, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429.



*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)





Elie Saab gat sér fyrst gott orð fyrir brúðarkjóláhönnun en hér má sjá brúðarkjól úr haust- og vetrarlinnunni 18/19.



kvintett. Verkefnið hófst fyrir rúmu ári þegar hún spilaði á tónleikum í Portúgal með strengja-sveit og fékk til liðs við sig tónskáldið Ian McLellan Davis frá New York til að útsetja. Þeim tókst svo vel upp að hún ákvað að taka lög in upp og úr varð EP-platan White Sun Live. Part I: Strings. Á tónleikumunum í Iðnó mun Jófríður koma fram ásamt strengjasveit.

**Hvað?** Hausar – Drum & Bass at Paloma

**Hvenær?** 21.00

**Hvar?** Paloma, Naustunum  
Hausar rulla áfram fyrsta fimmtudagskvöld í hverjum mánuði á Paloma. Allt það nýjasta í drum & bass í bland við gamla klassík í Funktion-One kerfi!

## Viðburðir

**Hvað?** Nafnlausí feminístinn: Atbeini, áföll og mennska í #MeToo-hreyfingunni – Fyrirlestur

**Hvenær?** 12.00

**Hvar?** Fyrirlestraralur Þjóðminjasafns Íslands  
Dr. Giti Chandra er fyrsti fyrirlesari fyrirlestraráðar RÍKK á haustmiss-eri 2018 og nefnist fyrirlestur hennar Nafnlausí feminístinn: Atbeini, áföll og mennska í #MeToo-hreyfingunni. Fyrirlesturinn er fluttur fimmtudaginn 6. september, frá kl. 12.00-13.00, í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

**Hvað?** Áhrif samfélagslegrar nýsköpunar á íslenskt samfélag: Opinn fundur

**Hvenær?** 12.00

**Hvar?** Norræna húsið

**Hvað?** Bergman í Bió Paradís í boði sænska sendiráðsins

**Hvenær?** 18.00

**Hvar?** Bió Paradís, Hverfisgötu  
Í telfni af hundrað ára afmæli Ingmars Bergman býður sænska sendiráðið í samstarfi við Bió Paradís upp á sérstaka dagskrá til heiðurs leikstjóranum. Sýndar verða fjórar valdar bíómyndir eftir meistara Bergman, boðið verður upp á pallborðsumræður í tengslum við myndirnar og sérstaka gesti. Einnig verður sett upp sýning í anddyri Biós Paradísar með æviágripi Bergmans í máli og myndum ásamt vídeósýningu með 32 sjaldgefum myndbrotum sem veita innsýn í líf og stórf listamannsins. Í dag verður kvikmyndin Fanný og Alexander frá 1982 sýnd að viðstaddir Sylvíu Inge-  
marsson sem klippti myndina, en hún vann náð með Bergman og klippti 14 mynda hans.

**Hvað?** Styrkleikarnir þínir – Nám-skeið í sjálfsþekkingu og sjálfsvin-sem

**Hvenær:** 17.00

**Hvar:** Síðumúli 28, 2. hæð  
Á námskeiðinu lærir þú að þekkja og nýta persónulega styrkleika þína og annarra. Styrkleika eins og hómur, hugrekki, góðvild, heiðar-leika og þakklæti. Frekari upp-lýsingar og skráning á heimasíðu Hér núna, her-nuna.is.



## GOTT KVÖLD Í BIÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

BERGMAN Í BIÓ PARADÍS - Fritt inn!

Fanný og Alexander (ENG SUB) 18:00

Söngur Kanemu (ENG SUB) 18:00

Nýjar hendur (ENG SUB) 18:00

Hugleikur Dagsson opnar Prump í Paradís!

Masters of the Universe 20:00

Whitney 20:00 & 22:00

Kvíðakast (Atak Paníki) 22:20



DEILD A RIDILL 2

SVISS

VS.

ÍSLAND

8. SEPT. • 15:30

KYBUNPARK ST. GALLEN

DEILD A RIDILL 2

ÍSLAND

VS.

BELGÍA

11. SEPT. • 17:45

LAUGARDALSVÖLLUR

UEFA Nations League er í samstarfi við



KAUPTU STAKAN LEIK:



Tryggðu þér áskrift á [stod2.is](http://stod2.is)



Lagði í 16 þúsund kílómetra ferðalag gegnum 8 lönd og 2 heimsálfur. Að meðaltali ók hann um 250 km á dag en lengsta dagleiðin var 493 km með einni viðkomu á hleðslustöð.

**Æ**vintýramaðurinn og pólfarinn Marek Kaminski er þessa dagana staddur í Japan, þangað sem hann er nýkominn akandi á nýjum Nissan Leaf eftir 16 þúsund kílómetra ferðalag frá Zakopane í Póllandi. Innan fárra daga leggur hann aftur stað til baka heim til Zakopane. Leið Kaminskis lá um átta lönd og tvær heimsálfur. Frá Póllandi lá leiðin til Litháen, þaðan sem ekið var áfram til Hvíta-Rússlands, Rússlands, Mongólíu, Kína og Suður-Kóreu uns komið var til Tókýó í Japan þar sem ferðalaginu lauk. Á leiðinni hlóð Kaminski bílinn alls 53 sinnum. Að meðaltali ók hann um 250 km á dag en lengsta dagleiðin var 493 km með einni viðkomu á hleðslustöð.

#### Engin fingraför

Kjörórð ferðalagsins var „Engin fingraför“ eða „No trace left behind“ til að vekja athygli á umhverfismildari ferðavenjum sem hentað geta milljónum ökumanna um allan heim með akstri á 100% rafbil á borð við Leaf sem er mest seldi fólksbíll sinnar tegundar á heimsmarkaði. Með ökuferð sinni vildi Kaminski sýna að hægt sé að ferðast á rafbil til fjarlegra og einangraðra áfangastaða um víða veröld án þess að skaða loftgæði jarðar með losun koltvísýringis.

#### Eftirminnileg ferð

Marek Kaminski hefur bæði ferðast til norður- og suðurpóls jarðar á innan við einu ári og sagði hann



Ævintýramaðurinn Kaminski kominn á leiðarenda eftir sextán þúsund kílómetra ferðalag frá Póllandi til Japans á rafbil af gerðinni Nissan Leaf.

## Frá Póllandi til Japans á nýjum Leaf

**FYRIR MÉR VAR FERÐALAGIÐ ÞÓ FYRST OG FREMST KJÖRIÐ TÆKIFÆRI TIL AÐ SÝNA AÐ BÍLNOTKUN GETUR VERIÐ MUN UMHVÆRISMILDARI EN GENGUR OG GERIST.**

#### 340 þúsund eintök af Nissan Leaf

Nissan LEAF er mest seldi 100% rafbíllinn á markaðnum, en rúmlega 340 þúsund eintök hafa verið nýskráð frá árinu 2010 þegar almenn sala hófst. Meira en 41 þúsund eintök af annarri kynslóð Leaf hafa verið nýskráð í Evrópu frá því að bíllinn fór í sölu í október 2017. Mikil eftirspurn er eftir bílnum víða um heim, þar á meðal hér á landi, enda eftirspurnin talsvert yfir væntingum Nissan sem vinnur að aukinni afkastagetu verkefsmiðjunnar í Sunderland í Bretlandi þar sem Leaf er framleiddur fyrir Evrópumarkað. [finnurth@frettabladid.is](http://finnurth@frettabladid.is)

við komuna til Tókýó að ökuferðin yrði án efa jafn eftirminnileg og pólfærirnar. Víða voru vegirnir í döpru ásigkomulagi, holóttir og blautir, ekki síst í Rússlandi og Mongólíu auk þess sem torsótt reyndist að hlaða bílinn á fámennum og einangruðum stöðum. Bíll Kaminskis er búinn nýrri 40 kWh rafhlöðu sem hefur um 270 km raundraegi samkvæmt nýja mælistaðlinum WLTP sen tekið hefur gildi. Bíllinn hentar því ákaflega stórum hópi bileigenda

sem að jafnaði aka mun skemmri vegalengdir en sem þessu nemur auk þess sem flest lönd, sérstaklega í Evrópu, eru að gera stóratök í tengingu hleðslustöðva fyrir rafbílva víð alla helstu þjóðvegi landanna.

#### Ekur aftur heim til Póllands

Kaminski segir nýjan Leaf henta sér persónulega mjög vel enda sé hann bæði mjög þægilegur og skemmtilegur í akstri og búinn háþrúðum og tæknibúnaði á sviði þæginda og

öruggis. „Fyrir mér var ferðalagið þó fyrst og fremst kjörið tækifæri til að sýna að bílnotkun getur verið mun umhverfismildari en gengur og gerist hjá flestum. Bilaskipti yfir á 100% rafbil eru einföld en mjög árangursrík leið til þess. Hvað nýjan Leaf varðar þá reyndist hann mjög áreiðanlegur á ferðalaginu enda ætla ég að aka honum aftur heim til Póllands. Víða á netinu má lesa nánar um ferðalag Kaminskis með leitarorðinu #NoTraceExpedition.“



Evrópubíur fá Atlas-pallbílinn frá Volkswagen ekki til að byrja með.

## VW Atlas pallbíll fyrir BNA

**V**olkswagen býður þriggja sætaraða Atlas-bíl sinn í Bandaríkjunum og Kína, en ekki í Evrópu, að minnsta kosti ekki að sinni. Volkswagen er að auki að hugleiða að framleiða pallbíls-útfærslu bílsins og hefur þegar smíðað tilrauna-eintak af bílnum sem þeir nefna Atlas Tanoak og var sá bíll sýndur á síðustu bílasýningu í New York til að fá viðbrögð almennings og bílabaðamanna. Þau voru reyndar afar jákvæð. Volkswagen hefur ekki enn tekið ákvörðun um framleiðslu þessa bíls, en þó þykir það líklegt þar sem Volkswagen telur að bíllinn henti Volkswagen-merknu vel í Bandaríkjunum og þar er eftirspurn eftir pallbílnum gríðarleg.

#### Pallbilazæði vestanhafs

Flestir pallbílar sem seljast í Bandaríkjunum eru bæði stærri bílar og innlendir, en þó selst minni Honda Ridgeline-pallbíllinn þar ágætlega. Volkswagen telur einmitt að til þess að Atlas Tanoak eigi séns vestanhafs verði hann að bjóðast undir verði Honda Ridgeline sem kostar 30.450 dollara. Það þætti ekki hátt verð hér á landi, eða rétt rúmar 3 milljónir króna.

VW Atlas Tanoak er með 3,6 lítra V6 vél undir húddinu og skilar hún 276 hestöflum til allra hjóla og hún er með 360 Nm tog.

Nú er fátt eitt að gera annað en gráta þann verðmum sem er á bílum í Bandaríkjunum og hérlendis.

## GM hefur ekki gefist upp á fólksbílnum

General Motors ætlar ekki að feta í fótspor Ford og hætta framleiðslu fólksbíla fyrir Bandaríkjamarkað þar sem markaður fyrir þá sé enn 4 milljónir bíla á ári.

**Þ**ó svo að Ford sé að farna hverjum fólksbíl sínum á færur öðrum á altari jeppa- og jeppingamennningarinnar er General Motors ekki af baki döttið í þróun og framleiðslu fólksbíla af öllum stærðum. Svo rammt kveður reyndar að dapurri sölu fólksbíla í Bandaríkjunum að Honda selur nú fleiri jeppa og jepplinga heldur en fólksbíla þar vestanhafs. General Motors hefur lýst því yfir að fyrirtækið hafi enn mikla trú á framtíð fólksbílsins og ætli að próa áfram sínar fólksbílagæðir. Það kynnti fyrir skömmu nýjan Chevrolet Malibu.

#### Er enn 4 milljóna bíla markaður

GM segir að markaðurinn fyrir fólksbíla sé enn 4 milljónir í Bandarík-



General Motors hefur enn trú á að það sé markaður fyrir fólksbílinn.

unum og það sé þess virði að taka þátt í slagnum um sölu þeirra, ekki síst með nánast brotthvarfi Ford af fólksbílamarkaðinum og að einhverju leyti líka Fiat Chrysler. Markaðsstjóri Chevrolet, Steve Majors, segir að fyrirtækið ætli að nýta sér þetta ástand og muni hvergi slaka á

framboði sínu á fólksbílnum. Chevrolet ætlar að þróa nýja bíla í öllum stærðarflokkum fólksbíla og eyða til þess miklu þróunarfé. GM sér fyrir sér vaxandi hlutdeild í fólksbílnum á næstunni. Fólksbílar voru 46% allra seldra bíla árið 2014 en eru aðeins 32% það sem af er þessu ári.

# TÍMALAUS HÖNNUN




## KRISTALL Í HLJÓÐI OG MYND

Velkomin heim. Á stað þar sem tæknin stelar ekki athyglinni en er til staðar á réttum forsendum. Með samtvinnun kristaltærrar OLED 4K myndar og heimsins besta sjónvarps hljóðkerfis, endurskilgreinir nýja Beovision Eclipse tækið sjónvarpsupplifun þína. Beovision Eclipse er fánlegt í 55" og 65" stærðum.

## TÖFRANDI 360° HLJÓMUR

Öflugu Beosound 1 & 2 þráðlausu hátalararnir eru úr hertu áli og hannaðir fyrir töfrandi 360 gráðu hljóðupplifun, sem er niðurstaða af nær aldar langri hljóðþekkingu. Við trúum því að hljóðupplifun sé nauðsynlegur hluti allra hátalara. Með Beosound 1 & 2 erum við að setja nýja staðla fyrir þráðlaus hátalara kerfi.




## TÓNLIST FRÁ MYNDLIST

Beosound Shape er þráðlaust vegg hátalarakerfi fyrir listrænt hugsandi tónlistar-elskendur. Lausnin býður upp á innblástur í sviðsetningu hljóðs. Lögum, stærð og litir, allt eftir þínum óskum auk innbyggðra hljóðdempara sem fullkomna hljóðrýmið.

## TÍMI BREYTINGA

BeoVision Horizon sjónvarpið er nýtt form virkni og sveigjanleika og býður óaðfínanlega einfaldan aðgang efnis með Android TV™, kristaltæra 4K UHD mynd og hin alkunnu Bang & Olufsen hljómgæði. Fánlegt í 40" og 48" stærðum, með hjólaþæti eða snúningsþæti.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [BANG-OLUFSEN.COM](http://BANG-OLUFSEN.COM)

 Bang & Olufsen á Íslandi

**ORMSSON**

**BANG & OLUFSEN**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

# FRÉTTABLAÐIÐ MENNING

## Þrískipt listasýning þriggja kynslóða

Verk eftir Egil Sæbjörnsson, Ágústu Oddsdóttur og Elínu Jónsdóttur sýnd að Neðra-Hálsi í Kjós, í gamla Borgarbókasafninu og á Hótel Holti. Milligöngumaður sýninganna er hin breska Karen Wright.

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is



**M**om's Balls, þrískipt sýning með verkum Ágústu Oddsdóttur, Elínar Jónsdóttur og Egils Sæbjörnssonar, stendur nú yfir að Neðra-Hálsi í Kjós, í gamla Borgarbókasafninu við Þingholtsstræti og á barnum á Hótel Holti. Ágústa er móðir Egils og Elín amma hans og þær mæðgur bjuggu á sínum tíma á Neðra-Hálsi.

„Aðalmilligöngumaður þessara sýninga er breski sýningarstjórinn Karen Wright sem skrifaði um verk mín á Feneýjatvíæringnum árið 2017,“ segir Egill. „Karen kom til Íslands og heima hjá mér sá hún vaðfar kúlur á gólfinu gerðar úr alls kyns efnum. Þetta var verk eftir mömmu sem minnti Karen á utangarðslistamanninn Judith Scott frá Bandaríkjunum. Karen hitti mömmu og í kjölfarið komu í dagsljósið verkin hennar mömmu sem höfðu verið hulin síðustu tvo áratugi en mamma hefur unnið í kyrrþey.“

### Alls kyns sögur úr lífi

Stór hluti þeirra verka sem Ágústa sýnir á Neðri-Hálsi og í Þingholtsstræti eru myndskreyttir kassar. „Ég hef alltaf verið gefin fyrir endurnýtingu og hef mikinn áhuga á umhverfismálum,“ segir Ágústa. „Eftir að ég útskrifaðist úr Myndlista- og handiðaskólanum árið 1997 fór ég að safna kössum utan af umbúðum og hugmyndin var að raða þeim saman og búa til verk til að sýna umbúðamagnið í kringum okkur. Svo var bílskúrin orðinn hálfuffullur af kössum og maðurinn minn var mjög þreyttur á því og ég sömuleiðis. Magnið var orðið svo mikið að einn góðan veðurdag henti ég kössunum. Svo fór ég að sjá eftir kössunum og byrjaði aftur að safna. Þá fékk ég hugmyndina að því að teikna á þá. Myndirnar eru alls kyns sögur úr lífi mínu.“

Ágústa sýnir einnig bækur með myndum eftir sig og texta sem er byggður á frásögum Elínar, móður hennar. „Við mamma vorum vanar að ganga saman úti á morgnana og komum svo heim og fengum okkur kaffi og þá fór hún að segja mér sögur og þar voru alls kyns gullmolar. Ég skrifaði þessar frásagnir niður og teiknaði myndir við þær.“

Á sýningunum má sjá skemmtilegt handverk eftir Elínu, þar á meðal gölftmottu úr gömlum sokkabuxum og innkaupapoka úr jólaböndum. „Hún vildi aldrei fá plastpoka þegar hún fór út í búð heldur notaði innkaupapoka, þar á meðal þá sem hún gerði úr jólaböndum,“ segir Ágústa.

### Sjálfteiknandi blýantur

Egill sýnir ekki á Neðra-Hálsi en í gamla Borgarbókasafninu við Þingholtsstræti eru verk eftir hann ásamt verkum móður hans og ömmu. Meðal annars má sjá vídeó þar sem móðir Egils er í dulargervi sem Guðmundur Jónasson rítubilstjóri.

Meðal annarra verka er ljósmyndaséria eftir Egil sem byggir á kvæðinu góðkunnna: Afi minn fór á honum Rauð. Serían samanstendur af tuttugu myndum og er frá árinu



Egill og Ágústa móðir hans við dyrnar á Neðra-Hálsi þar sem verk Ágústu og Elínar, móður hennar og ömmu Egils, eru til sýnis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Voldugt tröllabollastell eftir Egil. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Innkaupapokar eftir Elínu gerðir úr jólaböndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



### Teikningar á kössum eftir Ágústu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**KAREN HITTI MÖMMU OG Í KJÓLFARID KOMU Í DAGSLJÓSIÐ VERKIN HENNAR MÖMMU SEM HÖFÐU VERID HULIN SÍÐUSTU TVO ÁRATUGI EN MAMMA HEFUR UNNIÐ Í KYRRÞEY.**

1998. Þar er einnig að finna afar skemmtilegt verk þar sem sjálf-teiknandi blýantur teiknar skrímsli að borða hálfá kekkökku. Verkið er mjög persónulegt. „Ég átti í mikilli krísi fyrir nokkrum árum. Ef líf mitt hefði verið kekkaka þá hefði eitt-hvert skrímsli verið búið að borða helminginn af kekkökunni minni,“ segir Egill.

Tröll voru í aðalhlutverki í verk-efni Egils á Feneýjatvíæringnum í fyrria og á sýningunni í Þingholtsstræti láta þau á sér kræla. Þar eru tröllamyndir og teikningar sem tengjast tröllum og ýmislegt fleira eins og voldugt tröllabollastell. „Árið 2008 sá ég fyrst norsk túristatröll og mér fannst þau vera það ljótasta og hallærislegasta sem til væri. Ég gat varla hugsað mér neitt ómerkilegra en að fjalla um þau í listsköpun, en hugmyndin um það lét mig samt ekki í friði,“ segir Egill. „Ég fór að leika mér að því að búa til alls kyns dót með tröllum en ætlaði aldrei að sýna það. Svo stakk ég upp á því einn daginn að tröllin færu til Feneýja og það var gert, oft verður

eitthvað ljótt og litillátlegt að einhverju góðu og mikilfenglegu í lífinu, ekki satt?“

### Nennir ekki að vera listaverk

Auk þess að sýna verk í gamla bókasafnshúsinu í Þingholtsstræti er Egill með vídeóinnsetningu á Hótel Holti innan um teikningar eftir Kjarval. Þegar Egill er beðinn um að lýsa þeirri innsetningu segir hann: „Þetta litur út fyrir að vera listaverk en þarna er vera sem heitir Gunnlaugur, kallaður Gulli, er úr Vesturbænum og KR-ingur. Hann nennir ekki að vera listaverk en mamma hans og pabbi vilja endilega að hann sé listaverk, þannig að hann er að reyna að vera listaverk. Það er gaman að setja nýja myndlist við hliðina á Kjarval, það er eins og að setja lítið barn við hlið gamallar konu, bæði lifgast upp við það.“

Sýningin á Neðri-Hálsi er opin til 9. september frá klukkan 12.00-18.00 og sýningin í gamla Borgarbókasafninu í Þingholtsstræti 29a verður opin næstkomandi laugardag og sunnudag frá 12.00-18.00.

# ÚTSALA, ÚTSALA!

# 50% AFSLÁTTUR

- af útsöluvörum -



## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU, KOMDU NUNA!

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sölvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Vestmannaeyjum - Bárustig 2

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind  
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Útsala og útsöluvörð gilda út septembermánuð eða meðan birgðir endast. Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.





### Amadeus borðstofuhúsgögn

Komið og skoðið úrvalið

## NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](http://nyform.is)

Ópið virka daga  
11-18  
laugardaga  
11-15



Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum



Finndu okkur  
á facebook

**Flisabúðin**

Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | [flis.is](http://flis.is)

## Nýjar vörur frá geoSilica



Kísill Íslenskt kísilsteinefni



Renew Fyrir húð, hár og neglur



Recover Fyrir vöðva og taugar



Repair Fyrir bein og liði



Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á [www.geosilica.is](http://www.geosilica.is)

**geoSilica**  
ICELAND

## Verkfæri í miklu úrvali



VI Air 12V loftdælur  
í miklu úrvali.

Jeppatjakkur  
2.25t 52cm.

17.995

METABO Bitsög  
KS216

16.995

Verðmætaskápar

frá 4.995

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, [v@verkfaeralagerinn.is](mailto:v@verkfaeralagerinn.is)  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Robert Donat og Madeleine Carroll eru frábrær í hlutverkum sínum í 39 Steps. Hitchcock beitti sínum meðulum, eða handjárnnum, til þess að ná fram samleik sem gerir þetta ólíklega par algerlega ómótstæðilegt. NORDICPHOTOS/GETTY

# 39 þrep aftur til glæstrar fortíðar

Sama hvað segja má um Alfred Hitchcock sem manneskju þá er hann einn allra flinkasti kvikmyndaleikstjóri sögunnar. 39 Steps heldur enn athygli og spennu, 83 árum síðar.

### KVIKMYNDR

The 39 Steps

★★★★★

**Leikstjóri:** Alfred Hitchcock  
**Aðallutverk:** Robert Donat, Madeleine Carroll, Peggy Ashcroft

Jú, í dag er 6. september og árið er 2018 en þú ert samt að lesa biðdóm um svarhvíta kvikmynd sem var frumsýnd 1935. Fyrir 83 árum ef reiknivélin í tölvunni minni bregst mér ekki.

Ástæðan? Einfaldlega sú að ég nenni ekki að fylla þessa síðu með umfjöllun um samtímaefni í bíó eða á Netflix að þessu sinni. Réttlættingin? Eg komst nýlega að því, mér til ómældrar ánægju, að dagóður slatti af myndum meistarara Alfreds Hitchcock leynist á YouTube. Margar hverjar meira að segja í ágætum gæðum.

Þannig að ef þið viljið njóta háklassa kvikmyndagerðar og upplifa sæluna sem fylgir því að sogast inn í taktfasta spennu og njóta þess að láta sannan snilling spila á ykkur eins og piano, þá kostar það minna fé og fyrirhöfn en að brenna tómar stundir á Netflix eða öðrum efnisveitum.

Hitchcock var enn að gera bíómyndir heima á Englandi þegar hann ákvað að taka sinn snúning á njósnasöggunni 39 Steps eftir John Buchan. Þarna er hann í banastuði og sýnir margar af sínum bestu hlíðum og leikur sigild stíll sem áttu eftir að bergmála í gegnum allt 53 kvikmynda höfundarverk hans.

Fyrst ber auðvitað að nefna hinn venjulega mann sem fyrir óheppni eða tilviljun flækist í stóruandlega og lífshættulega atburðarás. Enginn skortur er á tvíræðum, svörtum og kvikindislegum húmornum og alls konar taktar í tókum og uppbyggingu á senum halda manni hugföngnum.

### 39 skref til Hollywood

Það er ekki hægt að skrifa það á



Meistarinn með sína Hugin og Munin. Hann gerði 53 kvikmyndir í fullri lengd og fjöldi meistaraverka er vel yfir meðallagi. NORDICPHOTOS/GETTY

þessa mynd eina að fimm árum seinna var Hitchcock kominn á fulla ferð í Hollywood, með Óskars-tilnefningu fyrir Rebecca 1940, en 39 Steps hafði þó sít að segja. Hún sýndi svo ekki varð um villst hvers Hitchcock var megnugur og þegar til Bandaríkjanna var komið héldu honum engin bönd og hann átti eftir að gera allar sínar bestu myndir.

### Þvingaður en frábrær samleikur

Robert Donat lék aðalllutverkið í 39 Steps. Kanadamanninn Hannay sem fyrir tilviljun flækist í þétt net vöndra njósnara og þvælist meðal annars um skosku hálöndin, hundeltur grunaður um morð, á tímabili handjarnaður við dularfulla konu, Pamelu, sem reynist honum betri en enginn.

Madeleine Carroll leikur Pamelu og samleikur þeirra tveggja er dásamlegur ekki síst þegar þau taka spretti í grininu. Sagan segir að í byrjun hafi verið kalt á milli þeirra en þá hafi Hitchcock endilega viljað æfa senu þar sem þau eru föst saman með handjárnnum. Ekkert varð þó af æfingunni en leik-

stjórinn tilkynnti þeim að því miður væri lykkillinn að jarnnum týndur.

Hann lét þau síðan eyða degi saman, tilneydd, og þá smullu þau saman og Hitchcock dró lyktilinn upp úr vasa sínum og aðskildi þau. Og niðurstaðan varð frábrær spennumynd þar sem samleikur þeirra tveggja vegur þungt fyrir heildaráhrifin.

Hitchcock lét meira að segja hafa eftir sér að vinsældir og velgengi myndarinnar væru ekki aðeins eigin snilli að þakka og sennilega ætti Donat ekki minni þátt í þessu öllu saman. Þeir höfðu enda áform um að vinna meira saman en heilsu- brestur leikarans kom í veg fyrir það. Hann lét 1958, 23 árum síðar, aðeins 53 ára gamall.

**Þórarinn Þórarinnsson**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær ellismellur sem er öllum aðgengilegur á YouTube. Fyndin, spennandi og skínandi dæmi um snillifágu leikstjórans. Fyrsta skipti í mörg ár sem ég horfi á heila bíómynd án þess að teygja mig aðeins í Phone-inn. Þarf að segja meira? Og myndin er 83 áraldær snilld.



LONDONLAMB  
LÉTTREYKT

**1.799** KR  
KG

ÁÐUR: 2.998 KR/KG

**-40%**



LAMBALÆRI  
ÚRBEINAD MIDLÆRI  
- HEIDARKRYDDAD

**2.430** KR  
KG

ÁÐUR: 3.739 KR/KG

**-35%**



SVÍNALUNDIR  
FROSNAÐ

**1.259** KR  
KG

ÁÐUR: 1.798 KR/KG

**-30%**



LAMBASVIÐ  
FROSIN

**299** KR  
KG

ÁÐUR: 498 KR/KG

**GÓÐI**

**-40%**



FINDUS OXPÝTT

**719** KR  
PK

ÁÐUR: 899 KR/PK

**-20%**



FINDUS KJÚKLINGAPASTA

**799** KR  
PK

ÁÐUR: 999 KR/PK

**-20%**



FINDUS PASTA CARBONARA

**719** KR  
PK

ÁÐUR: 899 KR/PK

**-20%**



KALKÚNASNEIÐAR  
BBQ COUNTRY STYLE

**2.238** KR  
KG

ÁÐUR: 2.798 KR/KG

**ISFUGL**

**-20%**



**-30%**

KJÚKLINGABRINGUR  
MEXICO MARINERING

**1.889** KR  
KG

ÁÐUR: 2.698 KR/KG



KREBENETTUR Í RASPI  
750 G

**699** KR  
KG

ÁÐUR: 998 KR/KG

**KJÓTSEL**

**-30%**



**-25%**

COOP JARÐARBER  
LAUSFRYST - 400 G

**262** KR  
PK

ÁÐUR: 349 KR/PK



PINK LADY EPLI  
4 STK - PÖKKUÐ

**-50%**

Tilboðin gilda 6. - 9. september 2018 [www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

nettó

NETTÓ

[www.netto.is](http://www.netto.is)



TJARNARBÍÓ

GRAL KYNNIR

# SVARTLYNG



**Sótsvartur gamanleikur**

eftir Guðmund Brynjólfsson

Framsýnt 21. september í Tjarnarbíó

Miðasala á tix.is



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

*Coca-Cola*



### Sergio Agüero

Argentínamaðurinn frábæri í liði Manchester City birti mynd af sér á samfélagsmiðlum að reykja vatnspípu með 18 ára fyrisætu. Jack Wilshere, Raheem Sterling og Jordan Ibe hafa allir verið mynd- aðir við sama athæfi.



### Wojciech Szczęsny

Það væri hægt að hafa sér kapitula um leikmenn Arsenal og óþverraskapinn í þeim en Pólverjinn fær sérstaka tilnefningu. Hann nefnilega gerði eitt sinn mistök í deildinni, fór í sturtu og kveikti sér í eitrunu. Hvernig það er hægt er enn ósvarað. Wenger hafði allavega lítinn húmor fyrir þessu og sektaði hann um nærri tvær milljónir.



### Frægir púarar

- Winston Churchill
- Clint Eastwood
- Fidel Castro
- Gigi Hadid
- Brigitte Bardot
- Kate Hudson

## Púandi íþróttamenn

Hrafnhildur Agnarsdóttir, markvörður KR í Pepsi-deild kvenna, birti mynd á Twitter sem sýnir tékkneska kvennalandsliðið fá sér sígö og kók eftir að hafa gert jafntefli við íslenska landsliðið. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem íþróttamenn sjást sjúga vindlinginn skaðlega.

### Michael Jordan

Kónginum í körfuboltanum fannst ekkert sérstaklega slæmt að kveikja í ógnarstórum vindlum eftir að titlar voru komnir í hús. Göndlarnir sem hann kveikti í höfðu þó engin sérstök áhrif á hann innanvallar þar sem hann drottnaði yfir öðrum.



### Marcelo Lippi

Knattspýmustjórastarfið getur verið stressandi og margir á hliðarlinunni hafa dregið að sér dauðann til að róa taugarnar. Lippi, sem þá var landsliðsþjálfari Ítalíu, kom til Íslands árið 2004 en þurfti að fara af Laugardalsvelli til að fira upp í vindli.



### Arsene Wenger

Fyrirverandi stjórnari Arsenal þurfti oft að skamma leikmenn sína fyrir að sjúga eiturreykinn ofan í lungu. En eitt sinn var hann sjálfur reykingamaður. „Ég þurfti að ljúka herskyldu og í lok mánaðar var okkur borgað í sigarettum, það hvatti okkur til að reykja. Ég var umkringdur reykingamönnum þegar ég var yngri og ég reykti sjálfur þegar ég var ungur þjálfari.“ sagði Wenger.



## SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulaginu Selhraun suður, Hafnarfirði

**Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 17.10.2017 breytingu á deiliskipulagi Selhrauns Suðurs með vísan í l. mgr 43. gr. skipulagslaga 123/2010.**

Breytingin felst í: endurskoðun skilmála skipulagsins hvað varðar nýtingarhlutfall einstakra lóða, hámarks byggingarmagn, skiptingu einstakra lóða ásamt því að lóðarstærðir og byggingarreitur eru uppfærdir til samræmis við fasteignaskráningu. Jafnframt er skipulagið uppfært í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2, frá 06.09.-18.10.2018. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna ásamt skilmálum á vef Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjardur.is](http://www.hafnarfjardur.is). Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 18. október 2018.

Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.  
Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**  
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR  
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**  
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00  
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**  
[hafnarfjardur.is](http://hafnarfjardur.is)



# Blondie gerir upp fortíðina á næstu misserum

Hljómsveitin Blondie fer í mikjö uppgjör á fortíðinni á þessu ári og því næsta og von er á tveimur plötum frá þessari fornfrægu popp-pönksveit sem sló í gegn í byrjun niunda áratugarins. Um er að ræða annars vegar EP-plötu sem kemur út í lok október og hins vegar stærðarinnar „box sett“ sem kemur út á næsta ári með öllu efni sem sveitin tók upp á ferli sínum.

EP-platan sem kemur út í næsta mánuði er ákaflega forvitnileg en á henni verða sex lög sem eru í

grunninn öll sama lagið, nefnilega stóri smellur sveitarinnar Heart of Glass. Lagið fór í gegnum langa fæðingu, um fjögur ára langa, og reyndi hljómveitin að koma því í alls konar búninga – það var ballaða, reggilag og fleira. Á EP-plötunni verður að finna nokkrar atlögur að laginu: „instrumental“ útgáfu, endurhljóðblöndun eftir DJ Shep Pettibone, útgáfu af því þegar það hét einfaldlega „The Disco Song“ og útgáfu frá 1978 þar sem titillinn á laginu var „Once I Had a Love“. – sph



Debbie Harry var í góðu stuði á tónleikum fyrir í sumar og hefur engu gleymt. Blondie hefur gefið út fimm plötur síðan sveitin kom aftur saman árið 1997.



## Leikmenn á Íslandi

Stærsta íþróttavefsíða landsins, fótbolti.net, gerði könnun árið 2006 meðal leikmanna í efstu deild. Þar kom fram að fimm prósent leikmanna lykta eins og súrheysturn. Mun fleiri kusu að nota munntóbak og gera enn.



## Maurizio Sarri

Stjóri Chelsea er stórreykingamaður og í fyrsta leik Chelsea í deildinni í ár tóku glöggir áhorfendur eftir því að hann brást við reykingabanni á leikvöllum Englands með því að tryggja sigarettu.



## Fleiri góðir reykjandi íþróttamenn

- Dimitar Berbatov
- Anna Kournikova
- Darren Clarke
- Ashley Cole
- Jack Wilshere
- Randy Moss
- Mario Balotelli
- John Daly
- Tom Brady



# AFMÆLIS VEISLA

NÝR 4 BLS BÆKLINGUR • FJÖLDI NÝRRRA TILBOÐA

**NÝ KYNSLÓÐ**  
2018 HAUST LÍNAN FRÁ ACER

SENDUM FRÍTT  
ALLAR VÖRUR  
ALLT AÐ 10kg

**14" FHD IPS**  
Ultra-Narrow skjárammi  
**Intel N4000**  
2.6GHz Burst Dual Core  
**4GB minni**  
DDR4 2400MHz  
**128GB SSD**  
M.2 diskur  
**79.990**

**14" FHD IPS**  
Ultra-Narrow skjárammi  
**Intel N5000**  
2.7GHz Pentium Quad Core  
**8GB minni**  
DDR4 2400MHz  
**256GB SSD**  
M.2 diskur  
**119.990**

### ACER SWIFT 1 - 2018 HAUST

All Metal Nano skorid al bak • Ultra Thin aðeins 14.95mm • Örpunnur 6.3mm skjárammi  
17+ tíma rafhlada • Gigabit þráðlaust Net • Bluetooth 5 • 0 db víftulaua hönnun  
Baklýst lyklaborð • Fingrafaraskanni • Fislett aðeins 1.3kg



# TÖLVUTEK

NÝR 4BLS BÆKLINGUR  
Veislan heldur áfram með nöttum nýjum tilboðum

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðuðu litríkt úrval og fáðu tilboð á **bros.is**

Bros auglýsingavörur  
Norðlingabraut 14



Kristín Þóra í hlutverki sínu í Lof mér að falla. Gervi hennar í myndinni hafa fengið mikið lof.

## Reyndi að setja sig inn í heim **Magneu**

**Kristín Þóra Haraldsdóttir** sýnir stórleik í kvikmyndinni *Lof mér að falla* þar sem hún leikur *Magneu* á eldri árum. Leikur hennar og gervi, sem nafna hennar Júlía sér um, er nánast töfrum líkast.

**L**eikkonan Kristín Þóra Haraldsdóttir þreif ekki á sér húðina, sat í sminkstólum í um 90 mínútur á dag og lagði ansi mikið á sig til að ná gervi *Magneu* í kvikmyndinni *Lof mér að falla*. Kristín Júlía förðunarameistari sá um gervið í myndinni og þó hún vinni bak við myndavélina er hún ein stærsta stjarna myndarinnar. Öll gervi í myndinni eru ótrúlega góð.

„Ég undirbjó mig eins vel og ég gat. Hitti fólk, las mér til, horfði á heimildarmyndir og reyndi virkilega að setja mig inn í þennan heim. Kristín Júlía er auðvitað séni. Við vorum saman um 90 mínútur til tvo tíma. Það þurfti að breyta tönnunum og ég reyndi nú að hjálpa til með því að þrifa ekki á mér andlitid,“ segir hún og hlær. „Þetta heppnaðist vel í þessu tilviki en hún Kristín Júlía er auðvitað töfrakona. Ég reyndi að gera mitt en hún gerði töfra og það gerði Eva Vala búngingahönnuður líka, þær eru magnaðar.“

Kristín og aðrir leikarar og leikstjórnir flugu til Toronto í gær þar sem myndin verður sýnd á kvikmyndahátíðinni í dag. Hún verður sýnd hér á landi á morgun.

„Það var krefjandi að leika hlutverk *Magneu* en á sama tíma mikill heiður að taka þátt í að segja þessa sögu og vinna með svona ótrúlega hæfileikaríku og mögnuðu fólk.“

Kristín Þóra verður í þjóðleikhúsinu í vetur, í tveimur sýningum. Samþykki sem verður sýnd í lok október og Loddaranum eftir Moli-ere sem sýnd verður í apríl.

benediktboas@frettabladid.is



Kristín var að sjálfsgöðu mætt á forsýningu myndarinnar á þriðjudag. Hér ásamt Hildi Karen. Myndin verður frumsýnd á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Fyrsti fimmstjórnuðómurinn

Lof mér að falla mun taka þátt í World Cinema hluta Busan – stærstu kvikmyndahátíðar Asíu sem fram fer í Suður-Kóreu 4.-13. október. Þetta er Asíufrumsýning myndarinnar sem Baldvin Z leikstýrir. Lof mér að falla verður hins

vegar heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto í dag og hér á landi á morgun. Myndin er nú þegar farin að fá glimrandi dóma en fyrsti 5 stjörnu dómurinn er kominn frá Kanada.

**MANNI ER RAUNVERULEGA ILLT Í HJARTANU. ÞEGAR ADALLEIKONURNAR TVÆR, SEM BÁÐAR EIGA STÓRLEIK Í MYNDINI, KOMU UPP Á SVIÐ AD SÝNINGU LOKINNI HUGSADI ÉG: „ÚFFF SEM BETUR FER VAR ÞETTA BARA BIÓ OG STELPURNAR ERU Í LAGI.“**

Frosti Logason

**ÉG FÖR MED MÖMMU Á SÝNINGUNA Í KVÖLD EN HÚN VARD 85 ÁRA Í SUMAR OG HÚN OG SISSA HEITIN VORU MJÖG NÁNAR. EFTIR SÝNINGUNA SAGDI MAMMA; ÞETTA ER MYND SEM ALLIR VERDA AD SJÁ.**

Jóhannes Kr. Kristjánsson

**ER ALVEG EFTIR MIG. ÞETTA ER MYND SEM ALLIR PURFA AD SJÁ. ALVEG MÖGNUM! TAKK FYRIR MIG.**

Rúnar Freyr Gislasón

**Rafmagnstjappar**  
Kynningarverð:  
**282.897 kr. m/vsk**

**RMI**  
OFNASMÍÐJAN  
s. 511 1100 | www.rymi.is

**weber** gæði... ending... ánægja.

skoðuðu úrvalið á **Weber.is**

**PFO**  
VIETNAMESE

VIÐ SÉRHFÆM OKKUR Í **ASISKRI MATARGERÐ.**

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.

Vietnamese restaurant  
Laugavegi 27 og  
Suðurlandsbraut 8  
sími: 588 6868

**pho.is**

TRÖLLA

**Tópas**



**SYKURLAUS**



# FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGÁST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ  
mest lesna dagblað landsins.

Póst: dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is  
Ef blaðið berst ekki 800 1177

## BAKÞANKAR

Guðrúnar  
Vilmundardóttur



## Fagmennska í sundi

Vesturbæjarlaugin er mín uppeldislaug, þangað fór ég að venja komur minar um það leyti sem hringvegurinn var opnaður. Þar lærði ég að synda, þó aldrei betur en svo að rassinn á það til að skjótast upp úr í skriðsundi ef ég gleymi mér, og ég gleymi mér undantekningalaust á annarri eða þriðju ferð. Sú fyrsta er stundum þokkafull.

Aflangri reynslu er ég nokkuð heimakomin í lauginni og þekki helstu reglur um háttalag sundgesta. Ég kann að leiðbeina ofan í lauginna á þremur tungumálum – ekki myndi ég vilja heimsækja slíka menningarstofnun í ókunnun landi og gera allt rangt.

Um daginn kynntist ég nýjum menningarlegum árekstri í lauginni. Við erum tvær í sturtuklefanum að búa okkur til að fara ofan í; báðar fagmenn og þvorum okkur vinsamlegast án sundfata. En svo tek ég eftir að konan fer að gjóa augunum undarlega á mig. Hreinlega glápir. Ég velti fyrir mér hvernig ég eigi að hafa kurteislega orð á því við hana að fulloröð fólk stari ekki hvað á annað í sturtu. Ákveð að nefna þetta bliðlega þegar við göngum út í laug. Við skrúfum fyrir kranana samtímis og um leið breytist eitthvað í hljóðvistinni. Hjá mér vaknar grunur.

Þegar ég opna munninn til þess að koma hinni vinsamlegu ábendingu á framfæri rennur upp fyrir mér að ég hafði verið að syngja hástöfum svolítið lag sem ég var búin að vera með á heilanum. Ég er söngvin en ekki lagviss eftir því, og ég fann það einhvern veginn á raddböndunum og lungunum að ég hafði ekki dregið af mér í flutningnum.

Ég nikkaði sjálförugg til konunnar og við gengum samferða út í pott. Ég raulaði lagið áfram, úr því sem komið var. Og smelli fingrum í takt.



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

Fjölskyldu-tilboð

3799 kr.



SUBWAY

## Nýtt blað frá HÓLF og GÓLF

### Tilboð og innblástur



Birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengli.

Skoðaðu blaðið á byko.is

Vinnur þú  
**100.000kr.**  
inneign hjá Hólf & Gólf  
og 12 mánaða áskrift  
af Húsum og hibýlum?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem um ræðir baðherbergi, stofu, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram og merktu #bykohusoghibly

**Föstudaginn 21. september** verður heppinn vinningshafi tilkynntur. Að auki verða valdir aukavinningshafar sem fá 35.000 kr. inneign í Hólf & Gólf og 3 mánaða áskrift af Húsum og hibýlum.

HÚS  
OG HIBÝLI

Gestadómari er  
**Sigríður Elín**  
Ásmundsdóttir,  
ritstjóri Húsa & hibýla.



JKE  
NORDIC KITCHEN DESIGN



**25%**  
afsláttur

JKE innréttingar eru  
á 25% afslætti út  
september.

Komdu elhúsinu í lag fyrir jólin!

NÝTT

Wilderness eik  
14mm, 1285x192mm  
Hörkustuðull 33/AC6  
30 ára ábyrgð

**4.596** kr/m<sup>2</sup>  
0113633



MYstyle frá Krono

30 ÁRA  
ÁBYRGÐ

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN